

Mikil offjölgun baktería mælist í Mývatni

Blábakteriur í Mývatni mældust í tólfalt meira magni en WHO varar við. Ofauðgun af mannavöldum, segir sérfræðingur. Lífrikið undir gríðarlegu álagi. Aðgerðir í skólpálum eina sýnilega lausnin.

UMHVERFISMÁL Óhemju magn blábaktería í Mývatni tvö síðastliðin sumur er skýrt merki ofauðgunar í vatninu af mannavöldum. Niðurstöður mælinga í fyrrasumar sýndu tólfalt það magn baktería sem Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) varar við.

Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúruvísindisstofnunarinnar við Mývatn (RAMÝ), segir að blábakteríu-blómar séu náttúrulegir í Mývatni vegna þess hve mikið er af næringarefnum í lindarvatninu sem rennur í það, og er kallað leirlos af heimamönnum. Hins vegar hafi vart áður sést ástand eins og við vatnið síðastliðin sumur þar sem bakteríurnar hreinlega yfirtóku lífríkið suma daga.

Árni segir engum vafa undirorpið að athafnir manna hafi aukið baktériuvöxtinn svo óhóflega með losun næringarefna í Mývatn – og þar komi meðal annars til frárænni frá þéttbýli, landbúnaði, og þá frá áburði, og iðnrekstri. „Ég held að það sé alveg ljóst að þetta er af mannavöldum. Allt sem er að gerast í Mývatni núna ber klassísk einkenni ofauðgunar,“ segir Árni og bætir við að áhrifin á lífríkið séu alvarleg.

Árni segir að mörkin sem WHO setur varði það hvort vatnið geti verið varasamt fyrir heilsu fólks sem baðar sig í vatninu eða drekkur það. Hvorugt eigi þó við í Mývatni í dag, en sumar þessara blábaktería geta verið eittraðar og til stendur að rannsakja það sérstaklega. „Það eru komnir nýir stofnar með hlýnandi loftslagi og það geta komið inn nýir stofnar fyrirvaralaust ef það eru skilyrði fyrir svona blóma á annað borð, þá getur hvaða tegund sem er gert vart við sig.

Ógnir við Mývatn

- Kúluskítur sem er friðlýst tegund virðist vera horfinn úr Mývatni.
- Bleikja er á undanhaldi á svæðinu – stofninn er svo gott sem horfinn.
- Næringarefnaauðgun sem má m.a. rekja til fráveitu sem vinna þarf úrbætur á.
- Mikill ferðamannastraumur setur aukaálag á vistkerfi svæðisins bæði hvað varðar fráveitur og ágang á náttúruverndarsvæði.

Heimild: Umhverfisstofnun

Ég held að það sé alveg ljóst að þetta er af mannavöldum. Allt sem er að gerast í Mývatni núna ber klassísk einkenni ofauðgunar.

Árni Einarsson, forstöðumaður RAMÝ



Þetta verður kortlagt,“ segir Árni.

Verndarsvæði Mývatns og Laxár er á rauðum lista Umhverfisstofnunar, sem nær yfir þau svæði hérlendis sem veita þarf sérstaka athygli og hlúa sérstaklega að. Mývatn og Laxá eru friðlýst með sérlægum en markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd í samræmi við sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. – sh / sjá síðu 8



Rífið niður Framkvæmdir standa nú yfir á Naustareit við Tryggvagötu þar sem til stendur að byggja 110 herbergja hótél. Óánægja hefur verið meðal íbúa í nágrenninu sem kæra sig ekki um fleiri hótél í hverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bankaráðið þarf að bregðast við fyrir mánaðamót

VIÐSKIPTI Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir eðlilegt að bankaráð Landsbankans fái svigrúm til þess að gera grein fyrir því hvernig það hyggst bregðast við gagnrýni Bankasýslunnar á söluna á 31,2 prósentu hlut Borgun. „Það er í sjálfu sér þá næsti leikur í málinu,“ segir Bjarni.

Bjarni sendi Bankasýslunni bréf

þann 11. febrúar síðastliðinn þar sem hann lýsti áhyggjum sínum af söluferli Landsbankans.

Bankasýslan segir í svarbréfi sem sent var í gær að sölumeðferðin á Borgun hafi varpað verulegum skugga á árangur Landsbankans undanfarin misseri og að fagleg ásýnd bankans og stjórnenda hans hafi beðið hnekki. Segir Bankasýslan mikilvægt að

» Bankasýslan segir að sölumeðferðin hafi varpað verulegum skugga á árangur Landsbankans undanfarin misseri og að fagleg ásýnd bankans og stjórnenda hans hafi beðið hnekki.

Landsbankinn endurheimti traust. Telur Bankasýslan að bankaráð Landsbankans verði að grípa til viðeigandi ráðstafana til að endurheimta það traust sem bankinn tapaði vegna sölumeðferðarinnar. Bankinn þarf að gera hluthöfum í Landsbankanum grein fyrir því með hvaða hætti bankaráðið telur rétt að bregðast við fyrir lok mánaðar. – jhh / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Ögmundur Jónasson skrifar um vandræðin á vinstri vængnum. **12-13**

SPORT Tvö gull á sjö dögum. **14**

MENNING Mamma Mia! er gleðisprengja segir í dómi. **19-20**

LÍFIÐ Tónleikar í Þríhnúkaagíg. **24**

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

NETIÐ HJÁ NOVA

FYRIR HEIMILIÐ OG BÚSTAÐINN

4G box

11.990 kr. stgr.

Verð miðað við 6 mán. þjónustusamning í áskrift í 50 GB eða stærri pakka.




4G

Stærsti skemmtistaður i heimi!

NOVA

Veður



Suðaustan og sunnan 8-15 m/s og súld eða dálítill rigning S- og V-lands, en hægari og bjart NA-til á landinu. Hiti 5 til 12 stig, hlýjast NA-lands.

SJÁ SIÐU 18



Kona með sykursýki fær insúlín-sprautu. NORDICPHOTOS/GETTY

Vilja stofna starfshóp í baráttu við sykursýki

ALÞINGI Velferðarnefnd hefur lagt fram þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem fái það verkefni að móta viðbrögð við vaxandi nýgengi sykursýki.

„Hópurinn skuli sérstaklega meta þörfina á skipulagðri skráningu sykursýki á Íslandi og reglulegri skimun fyrir sykursýki hjá áhættuhópum. Við matid verði miðað við að heilsugæslan veiti ráðgjöf samhliða skimuninni og fylgi henni eftir þegar við á,“ segir í tillögunni.

Þar segir einnig að niú af hverjum tíu einstaklingum með forstígg sykursýki viti ekki af því, þar sem ein-kenni séu þeim oft ekki ljós. „Því eru líkur til þess að með reglulegri skimun fyrir sykursýki hjá áhættuhópum mætti í mörgum tilvikum greina sjúkdóminn og forstígg hans mun fyrir en ella.“ – þea

90%

einstaklinga með forstígg sykursýki vita ekki af því.

Hjallur fauk í ofsaveðri



Ofsaveður gekk yfir landið á sunnudag og tóku um 150 björgunarmenn þátt í aðgerðum Landsbjargar, þar af 40 manns á Vestfjörðum. Veðrið var með versta móti í Bolungarvík og sagði Sigurjón Sveinsson, formaður Björgunarsveitarinnar Erniss, veðrið með því verra sem bæjarbúar hefðu séð. Fiskihjallur í Minnihlíð fauk í heilu lagi en hefur þó haldist kyrr síðan hann fauk og ekki verið til vandræða. MYND/HAFÞÓR GUNNARSSON

Pútín flytur hermenn í Sýrlandi heim

RÚSSLAND Vladímír Pútín, forseti Rússlands, hefur skipað yfirmönnum Rússahers í Sýrlandi að flytja meginþorra herafla þeirra heim. „Ég tel að markmiði varnarmálaráðuneytisins og hersins sé náð,“ sagði Pútín á blaðamannafundi í gær.

Rússar eru bandamenn ríkisstjórnar Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, í baráttunni við uppreisnarmenn. Forsetaembættið gaf út tilkynningu í gær um að forsetinn væri samþykktur brottfarfinu.

Talsmaður breiðfylkingar uppreisnarmanna í Sýrlandi, Salim al-Muslat, sagði í gær að ef af brottfarfinu yrði myndi það ýta friðarviðræðum í rétta átt. Friðarviðræður hófust á ný í Genf í gær en vopnahlé hefur staðið yfir frá 27. febrúar síðastliðnum. – þea

Líklega komnar aftur í hendur glæpamanna

Systurnar sem sættu meintu mansali báðu sjálfar um flutning úr landi. Þær fengu 761 krónu á dag frá ríkinu. Auk systranna eru fjórir aðrir með stöðu brotþola í málinu. Réttargæslumaður þeirra segir þær ekki hafa farið aftur til Sri Lanka.

MANSAL Systurnar frá Sri Lanka sem sættu meintu mansali í Vík í Mýrdal báðu sjálfar um flutning úr landi vegna bágra kjara sinna og úrræðaleysis íslenskra stjórnvalda. Þær dvöldu í Kvennaathvarfinu og var þeim skömmtuð 761 króna á dag. Hefðu þær dvalið á eigin vegum hefðu þær fengið 5.071 krónu á dag.

„Það vill enginn hafa það á samviskunni að gera jafnvel illt verra,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, um úrræði stjórnvalda til systranna. Verkalýðsfélögin hafa skorð upp herör gegn misneytingu á starfsfólki og þekking þeirra á vinnumansali hefur aukist.

Auk systranna eru fjórir aðrir einstaklingar með stöðu brotþola í mansalmálinu í Vík, þessir einstaklingar eru allir frá ríkjum innan Evrópu. „Meint brot gegn hinum fjórum skjólstaðingum mínum eru óljós og ekki upplýst. Þeir voru starfsmenn Vonta international þegar húleit lögreglu átti sér stað,“ segir Krístrún Elsa Harðardóttir, réttargæslumaður brotþolanna.

IceWear bauð öllum brotþolunum vinnu og systurnar frá Sri Lanka eru þær einu sem ekki gátu fengið atvinnuleyfi hérlendis þar sem þær eru ekki EES-borgarar.

Konunum tveimur stóð til boða dvalarleyfi á grundvelli gruns um mansal en samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga er ekki möguleiki á að sækja um atvinnuleyfi á grundvelli þess. Því sótti Krístrún aðallega um dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, þá er mögulegt að sækja um atvinnuleyfi.



Konurnar bjuggu í þessu húsi og saumuðu fót fyrir Vonta International, undirverktaka Icewear. MYND/ÞÓRHILDUR ÞORKELSDÓTTIR

Meint brot gegn hinum fjórum skjólstaðingum mínum eru óljós og ekki upplýst.

Krístrún Elsa Harðardóttir, réttargæslumaður brotþolanna.



Krístrún segir einnig að hún hafi ekki ætlast til þess að Útlendingastofnun tæki tímamótaákvörðun í málinu. „Þess vegna fór ég beint til innanríkisráðherra, til að beita þrýstingi og vonaðist til að þeim

yrði veitt mannúðarleyfi vegna skipunar að ofan, en sú skipun kom aldrei,“ segir Krístrún.

„Þetta er pólitísk ákvörðun sem þarf að taka um það hvernig dvalarleyfi á að veita þeim sem eru fórnarlömb mansals. Ekki ákvörðun sem forstöðumaður stofnunar sem afgreiðir leyfin á að taka,“ segir Krístrún.

Konurnar fara ekki aftur til Sri Lanka, þær eru með dvalarleyfi í öðru Evrópulandi og fóru þangað að sögn Krístrúnar. „Mjög líklega hafa þær farið aftur í hendurnar á þeim sem sendu þær hingað.“

thordis@frettabladid.is, kristjana@frettabladid.is

Verði þér að Góu!

Góa Stofnað 1968

GÆÐASAMBAND LJÓSLÆIÐARANS

Gæðasamband Ljósleiðarans
er fánlegt hjá eftirfarandi fjarskiptafélögum:



Hringdu



365

Ljósleiðarinn er gæðasamband sem
uppfyllir kröfur nútímaheimila

500
MEGABIT

Ljósleiðarinn býður **500 megabita**
gæðasamband sem er bæði hraðara og
snarpara og með sama hraða í báðar áttir.



LJÓSLÆIÐARINN

— Gæðasamband

Réttur tími fyrir Íslendinga að huga að ábyrgum fjárfestingum

EFNAHAGSMÁL Það er alls ekki of seint fyrir Ísland að blanda sér í umræðuna um ábyrgar fjárfestingar og að fyrirtæki setji sér markmið um að fjárfesta meira í því sem skilar bæði góðri ávöxtun og hefur góð áhrif á samfélag og umhverfi. Nú er rétti tíminn til að blanda sér í umræðuna þar sem hún er komin á þroskaðra stig. Þetta er mat Davids Chen hjá Equilibrium Capital.

Chen heldur framsögu og ræðir ábyrgar fjárfestingar við fulltrúa



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á síðustu árum hefur það líka færst í aukana að þekkt gömul fyrirtæki eins og BlackRock og Goldman Sachs liti til svona fjárfestinga í auknum mæli.

David Chen, sérfræðingur í ábyrgum fjárfestingum.

úr íslensku atvinnulífi á opnum fræðslufundi VÍB í Hörpu í morgun. Hann telur að á Íslandi gætu lífeyris-sjóðirnir byrjað á því að sýna gott fordæmi með því að leggja upp úr ábyrgum fjárfestingum.

Fyrirtæki í Norður-Evrópu hafa verið til fyrirmyndar í ábyrgum fjárfestingum. Í Noregi hefur olíu-sjóðurinn t.a.m. sett sér strangar reglur um samfélagslega ábyrgð í fjárfestingum. „Peningar og fjárfestingar geta gert mun meira en

bara að skapa peninga. Þær geta haft djúpstæð áhrif á samfélagið og umhverfið, eftir því hvaða fjárfestingaleið er valin,“ segir Chen. „Fjöldi ritgerða og rannsókna bendir til þess að fyrirtæki sem reyna að vera ábyrgari þegar kemur að umhverfinu og samfélaginu nái að halda og skapa verðmæti betur en önnur fyrirtæki til lengri tíma litið.“ – sg

visir.is Lengri útgáfa af greininni er á Visi

Hrafni gert að hypja sig frá Elliðavatni

Aðalmeðferð í máli Hrafns Gunnlaugssonar á hendur Orkuveitu Reykjavíkur verður undir lok mánaðar, en Orkuveitan vill Hrafn og sumarbústað hans í burtu frá Elliðavatni. Árið 2004 var fengið leyfi til að byggja nýtt steinhús sem er tugmilljóna virði uppreiknað.

DÓMSMÁL Þann 29. mars verður aðalmeðferð í máli Hrafns Gunnlaugssonar á hendur Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Málið snýst um sumarbústað í hans eigu, sem stendur við Elliðavatn og OR vill í burt. Haustið 2014 óskaði Hrafn eftir því að fá að byggja við bústaðinn en þá var honum sagt að hypja sig.

Nýtt hús reist í kjölfar bruna

Hrafn vill ekki tjá sig mikið um málið, þetta sé sumarbústaður, „geysilega fallett steinhús“ sem móðir hans heitin, Herdís Þorvaldsdóttir leikkona, hafi átt og lagt mikla rækt við. Ekki hafi staðið til að byggja mikið við húsið, þetta væri innan byggingarreitsins sem ekki væri nýttur til fulls. Hrafn sagði einstakling eiga erfitt með að bera hönd fyrir höfðuð sér gegn lögfræðingum opinberrar stofnunar á fullum launum.

Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Hrafns, útskýrir málið betur; Þórður Sveinsson, afi Hrafns, skrifaði undir afsal til bæjarstjórnar Reykjavíkur á 7/8 hlutum jarðarinnar Elliðavatns. Í því afsali séu skilmálar fyrir afhendingunni meðal annars sá að eftir stæði réttur, einn hektari til að byggja sumarhús, og hefði Þórður afnotin meðan hann lifði. Sumarhúsið var svo reist í kringum 1960 á grundvelli þess samnings.

Vilja brjóta niður húsið

Í febrúar 2004 gerist það að húsið brennur. Þá var fengið leyfi hjá Reykjavíkurborg til að byggja þar nýtt steinhús sem var samþykkt.

„Hún steypti upp hús, tugmilljóna virði uppreiknað, svo kemur allt í einu núna upp, eða haustið 2014, eftir að Hrafn óskaði eftir að byggja viðbyggingu, að honum var sagt að hypja sig. OR tilkynnir honum að ekki standi til að veita byggingarleyfi til viðbyggingar. Bjóðast ekki



Bústaður Hrafns er að sönnu glæsilegur, en móðir hans, Herdís Þorvaldsdóttir leikkona, lagði mikið í gróðursetningu í kringum hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

OR tilkynnir honum að ekki standi til að veita byggingaleyfi til viðbyggingar. Bjóðast ekki einu sinni til að kaupa af honum húsið, heldur vilja brjóta niður húsið, heldur vilja brjóta niður húsið.

Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður



einu sinni til að kaupa af honum húsið, heldur vilja brjóta niður húsið,“ segir Jón Steinar.

Lögmaðurinn setur fram kröfu um ótímabundinn afnotarétt. „Ljóst er aldrei hefði verið ráðist í þessa byggingu nema í þeirri trú að henni yrði leyft að vera þarna áfram,“ segir lögmaðurinn – enginn kostur hafi verið annar í stöðunni en að fá þetta mál útkljáð fyrir dómstólum.

Hrafn boðin sömu kjör og öðrum Eiríkur Hjálmarsson, upplýsinga-



Hrafn segir erfitt að standa andspænis ógnarvaldi hins opinbera og lögmönnu þess. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fulltrúi OR, vísar til orða Bjarna forstjóra Bjarnasonar: „Við viljum ekki og ætlum ekki að ganga fram með offorsi en okkar framtíðarsýn í vatnsvernd er skýr og henni munum við fylgja.“ Hrafn hafa verið boðin sömu kjör og öðrum á svæðinu, „það er tímabundin afnot og OR býðst til að fjarlægja húsin á sinn kostnað að afnotum loknum,“ segir Eiríkur. jakob@365.is

Ítarlegar er fjallað um málið á **visir.is**



name it.

Dæmi um verðlækkun í Name it, barnabólur:

Verð nú: **1.490 kr.** | Verð áður: 1.790 kr.



ORG

Dæmi um verðlækkun í ORG, Toms skór:

Verð nú: **9.450 kr.** | Verð áður: 10.950 kr.



INDISKA

Dæmi um verðlækkun í Indiska, kjóll:

Verð nú: **7.995 kr.** | Verð áður: 8.995 kr.



15% AFNÁM TOLLA

VIÐ FÖGNUM **AFNÁMI TOLLA**

KRINGLAN GÆTIR PINNA HAGSMUNA AF ÖLLU HJARTA!

Kringlan

Nánari upplýsingar um afnám tolla og þær vörur sem lækka í verð á kringlan.is



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.390.000 kr.



MEST SELDI BÍLL
#1
Á ÍSLANDI 2015

Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.





Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin

Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

PFAFF 85 ÁRA

PFAFF

Fermingartilboð á saumavélum

KOMDU FERMINGARBARNINU Á ÓVART!



Brother M1034D 54.900 kr. Brother NV15 49.900 kr.

PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - Sími 414 0400 - WWW.PFAFF.IS

15% afsláttur af öllu Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí

Allar bragðtegundir og allar stærðir

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 31. mars 2016

FARMASÍA

Suðurveri - 105 Reykjavík S. 511 0200


Endalaust 365

ENDALAUST NET

1817 | 365.is

365

Haldið til Mars



Evrópusambandið í samstarfi við Rússland skaut í gær upp gervihnettinum ExoMars Trace Gas Orbiter frá Baikonur í Kasakstan. Stefnan er sett á Mars og á gervihnötturinn að rannsaka hvort metaníð í andrúmslofti plánetunnar sé til komið af jarðfræðilegum orsökum eða hvort örverur framleiði það. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Íbúðir fyrir tekjulága úti á landi möguleiki

Forseti ASÍ segir að kannaður verði möguleiki á byggingu leiguíbúða fyrir tekjulágt launafólk á landsbyggðinni. Fjallað um málið á næsta bæjarráðsfundi Akureyrarbæjar. Bæjarfulltrúi telur viðráðanlegt að byggja fjórutíu íbúðir á ári

HÚSNÆÐISMÁL Kannaður verður möguleikinn á byggingu leiguíbúða fyrir tekjulágt launafólk á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þetta segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Tilkynnt var um helgina að Alþýðusambandið hefði stofnað íbúðafélag og að Alþýðusambandið og Reykjavíkurborg ætli að byggja eitt þúsund íbúðir fyrir tekjulágt launafólk á næstu fjórum árum. „Við munum í framhaldinu leita hófanna í nokkrum sveitarfélögum höfuðborgarinnar og síðan vítt og breitt um landið,“ segir Gylfi. „Félagið sem slíkt verður landsfélag og auðvitað eru full áform um það að sinna öllu.“

Íbúðafélagið verður stofnað um leið og Alþingi hefur afgreitt frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra um almennar íbúðir.

Logi Einarsson, bæjarfulltrúi Akureyrarbæjar, segist nú þegar búinn að ræða hugmyndina um byggingu íbúða fyrir tekjulága á Akureyri við

Félagið sem slíkt verður landsfélag og auðvitað eru full áform um það að sinna öllu.

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ.



bæjarstjórnann. „Við munum taka þetta til umræðu á næsta bæjarráðsfundi og væntanlega formlega fela bæjarstjóra að hafa samband við ASÍ og bjóða þeim í heimsókn til okkar og skoða fletina á því að halda þessu áfram. Það er flott að þeir hafi náð saman við Reykjavíkurborg, en ég held að það séu sóknarfæri hérna líka,“ segir Logi.

Logi telur gott og viðráðanlegt

verkefni að byggja fjórutíu íbúðir á ári á næstu fjórum til fimm árum, eða rúmlega 150 íbúðir á Akureyri.

Gylfi segir að það fari eftir eðli máls í hvaða aðgerðir verði ráðist. „Við á landsbyggðinni er húsnæðiskostnaður ekki vandamál og alveg ljóst að víða væri það þannig að þrátt fyrir þessi lög þá myndi leiga í þessu kerfi, ef byggt yrði nýtt á þessum stöðum, vera miklu hærra en fólki stendur nú til bóða.“

Þóroddur Bjarnason, fyrrverandi formaður stjórnar Bygðastofnunar, segist treysta því að Alþýðusambandið muni byggja leiguhúsnæði út um allt land. „Það vantar úti um allt land gríðarlega mikið af leiguhúsnæði. Fólk er tregt til að kaupa á stöðum þar sem fasteignamarkaðurinn hefur verið mjög kaldur og fólk óttast að ef það myndi kaupa hús gæti það ekki selt það aftur. Á þeim stöðum er gríðarleg eftirspurn eftir leiguhúsnæði.“ saeunn@frettabladid.is

TAKMARKALAUS AKSTURSGLEÐI ER STAÐALBÚNAÐUR



MAZDA2 FRÁ 2.390.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Mazda2 er einn sá allra glæsilegasti í sínum flokki. Sportlegt útlit og spennandi aksturseginnleikar spila þar stórt hlutverk. Mazda2 er meðal annars fáanlegur með 7" snertiskjá, margmiðlunarkerfi með GPS vegaleiðsögn, nálægðarskynjurum, Bluetooth, 16" álfelgum og leðursætum. Þú getur jafnframt fengið Mazda2 með ýmsum öryggisbúnaði líkt og veglínuskynjara, LED aðalljósum með sjálfvirkri hæðarstýringu og snjallhæmlunarkerfi sem varar ökumann við ef stefnir í árekstur og grípur inn í ef þörf krefur. Byltingarkennd SkyActiv tæknin sem sameinar mikinn vélarkraft, lága eyðslu og takmarkalaus akstursgleði er alltaf staðalbúnaður í Mazda.

Komdu og reynsluaktu Mazda2

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

NOTAÐIR BÍLAR ÚRVAL

BÍLALAND BYÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!



FRÁBÆR
KAUP

GÖNGUM FRÁ
FJÁRMÖGNUN Á
STADNUM

SKODA OCTAVIA AMBIENTE
Nýskr. 06/12, ekinn 110 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 283502

VERÐ!
2.390 þús.



FRÁBÆR
KAUP

NISSAN PULSAR ACENTA
Nýskr. 11/14, ekinn 22 þús km.
bensín, beinskiptur

Rnr. 143197
VERÐ kr. 2.950 þús.



FRÁBÆR
KAUP

NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 06/14, ekinn 34 þús km.
dísil, beinskiptur.

Rnr. 283284
VERÐ kr. 2.850 þús.



FRÁBÆR
KAUP

HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 07/12, ekinn 116 þús km.
dísil, beinskiptur.

Rnr. 283477
VERÐ kr. 1.890 þús.



FRÁBÆR
KAUP

HYUNDAI i10 COMFORT
Nýskr. 05/15, ekinn 35 þús km.
beinsín, beinskiptur.

Rnr. 283346
VERÐ kr. 1.790 þús.



FRÁBÆR
KAUP

DACIA LOGAN STATION
Nýskr. 03/15, ekinn 17 þús km.
dísil, beinskiptur.

Rnr. 330021
VERÐ kr. 2.390 þús.



FRÁBÆR
KAUP

CHEVROLET CAPTIVA 7sæta
Nýskr. 03/13, ekinn 82 þús km.
dísil, sjálfskiptur.

Rnr. 283523
VERÐ kr. 4.390 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bíaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is



Lífriki Mývatns undir gríðarlegu álagi

Skólþ og mengað vatn frá áburðargjöf og iðnaðarstarfsemi sem berst í Mývatn veldur ofauðgun blábaktería. Magnið í vatninu í fyrrasumar sprengdi staðla Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar margfalt. Þarf að bregðast við strax.

UMHVERFISMÁL Óhemju magn blábaktería í Mývatni tvö síðastliðin sumur eru skýr merki ofauðgunar í vatninu af mannavöldum. Niðurstöður mælinga í fyrrasumar sýndu tólfalt það magn sem talið er óhóflega mikið í leiðbeiningum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

Árni Einarsson, forstöðumaður Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn (RAMÝ), segir að blábakteriublómar séu náttúrulegir í Mývatni vegna þess hve mikið er af næringarefnum í lindarvatninu sem rennur í það, og er kallað leirlos af Mývetningum. Hins vegar hafi vart áður sést ástand eins og við vatnið síðastliðin sumur þar sem bakteríurnar hreinlega yfirtóku lífríkið suma daga.

Árni segir engum vafa undirorpið að athafnir manna hafi aukið bakteríuvöxtinn svo óhóflega með losun næringarefna í Mývatn – og þar komi meðal annars til frárennsli frá þéttbýli, áburðargjöf og iðnrekstur. Eins getur verið að enn þá gæti áhrifa frá Kisilverksmiðjunni við Mývatn sem lokað var 2004, vegna rofs á setlögum sem losa næringarefni sem áður voru bundin.

Árni segir að í raun sé aðeins um eitt að ræða til að stemma stigu við þessari þróun, en mengunin er að öllum líkindum í grunnvatninu. Það er að tryggja að sem allra minnst af næringarefnum frá mannabyggð (nitur eða köfnunarefni og fosfór) berist í grunnvatnið og þannig í Mývatn.

Þegar þetta ástand er sett í samhengi við að hinn frægi kúluskítur heyrir að kalla sögunni til, þá segir Árni um bein orsakatengsl að ræða. Kúluskítur finnst í einu stöðuvatni í Japan fyrir utan Mývatn og þar var brugðið á það ráð, til að leysa sama



Mývatn varð á tímabilum svo mengað í fyrrasumar að minnti á græna málningu að lit. MYND/ÁRNI EINARSSON

Þetta er áður óþekkt ástand – ný þróun sem bendir til að bakteríublóminn séu miklu meiri en þeir voru áður.

Árni Einarsson, forstöðumaður RAMÝ.



vanda og blasir nú við í Mývatni, að veita öllu skólþvatni frá mannabyggð frá vatnakerfinu – sem gjörbreytti ástandinu þar til hins betra. „Það er eiginlega ekkert annað til ráða til að takast á við þetta,“ segir Árni

Þá hefur um nokkurt skeið verið bent á gríðarlega fjölgun ferðamanna við Mývatn, sem enn eykur á álag á lífríkið í Mývatni og mikilvægi mótþægisaðgerða, segja viðmælendur Fréttablaðsins.
svavar@frettabladid.is



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

1956-2016

Ársfundur 2016

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn í dag, 15. mars kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS

- » Venjuleg ársfundarstörf
- » Erindi tryggingafræðings sjóðsins
- » Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 21. janúar 2016

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

Holtsvegur 37-39

“Markvisst var unnið með uppbrot í veggflötum og svölum til að forðast einsleita fleti.”

Helgi Már Hallgrímsson og Sigurður Hallgrímsson, Arkþing.




Opið hús og heitt á könnunni
Þriðjudaginn 15. mars kl. 16–19.

OPID HÚS Í URRIÐAHOLTI

2ja herbergja
frá kr. 29.900.000 kr.
70,3 m² + bílskýli

3ja herbergja
frá kr. 34.900.000 kr.
86,1 m² + bílskýli

3-4 herbergja
frá kr. 39.900.000 kr.
112,5 m² + bílskýli



Bjartar og vel skipulagðar fjölskylduíbúðir — í Urriðaholti í Garðabæ

Við hönnun húsana var leitast við að nota hina einstöku staðarhætti Urriðaholts til hins ýtrasta. Flestar íbúðir eru með útsýni til fjalla og sjávar og allar íbúðir eru með aðgengi að góðum svölum eða sérafnotareitum. Lögð var áhersla á bjartar íbúðir með rúmgóðum stofum og einfalt og skilvirkt innra skipulag.

Sérstaklega var hugað að aðgengi að húsum og íbúðum og lögð áhersla á að inngangar væru aðlaðandi og skjólsælir. Stigahús eru bæði björt og aðgengileg frá bílastæðum við götu og í bílakjöllum.

Fáðu nánari upplýsingar á www.mannverk.is



Vill skoða hvort frönsk lög um sóun eigi við hér

UMHVERFISMÁL Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, vill skoða vandamálið um matarsóun á Íslandi heildrænt. Hún hefur sent fyrirspurn um málið til umhverfis- og auðlindaráðherra.

„Þetta er þriðja eða fjórða fyrirspurnin sem ég legg fram sem snýr að matarsóun. Nýlega voru sett lög í Frakklandi sem leggja bann við því að matvöruverslanir yfir ákveðinni stærð hendi mat. Ég átta mig ekki alveg á því hvort þau myndu henta í Frakklandi sem leggja bann við því að matvöruverslanir yfir ákveðinni stærð hendi mat. Ég átta mig ekki alveg á því hvort þau myndu henta í Frakklandi sem leggja bann við því að matvöruverslanir yfir ákveðinni stærð hendi mat. Ég átta mig ekki alveg á því hvort þau myndu henta í Frakklandi sem leggja bann við því að matvöruverslanir yfir ákveðinni stærð hendi mat.“

Hún vill að vandinn sé greindur og skoðað sé hversu miklu sé hent, hverju sé hent, og hver hendi mestu



Sóunin má ekki bara færast til.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.



svo að við vitum hvar við eigum að byrja. Hún vill einnig vita hversu miklu af matvælum sé hent vegna einhliða skilarréttar.

„Ef vara rennur út á tíma í matvöruverslunum þurfa birgjar að taka hana aftur. Það er ekki hvati fyrir verslunina að koma henni út. Samkeppniseftirlitið hefur gert athugasemd við þetta og starfshópur um matarsóun líka,“ segir Brynhildur Pétursdóttir. – **sg**

IÐNAÐAR RYK- OG BLAUTSUGUR

frá Pullman Ermator
Áratuga reynsla á Íslandi!



Made in Sweden

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Landsbankinn ekki rökstutt ákvörðun sína

Bankasýsla ríkisins telur Landsbankinn ekki hafa rökstutt ákvörðun um að selja Borgun í lokuðu ferli. Gagnrýniverð að stjórnendur Borgunar hafi verið í hópi einu viðsemjendanna. Bankastjóri Landsbankans vildi ekki tjá sig í gær.

VIÐSKIPTI Landsbankinn hefur ekki rökstutt með fullnægjandi hætti ákvörðun um að selja Borgun í lokuðu söluferli. Þetta kemur fram í bréfi sem Bankasýslan sendi bankaráði Landsbankans á föstudaginn. Bankasýslan bendir á nokkur atriði sem styðji þá fullyrðingu að mörgu varðandi ákvörðun bankans hafi verið ábótavant. Til dæmis hafi bankinn dregið rangar ályktanir af samskiptum við Samkeppniseftirlitið varðandi mögulega fresti og svigrúm til að selja eignarhlut sinn í félaginu. Þá hafi engin skýring verið gefin á því að Landsbankinn hafi ekki samið um hlutdeild í þátttöku Borgunar vegna mögulegrar sölu á Visa Europe líkt og gert var við sölu á Valitor.

Þá segir Bankasýslan að spurningar hafi vaknað um verðmat bankans á eignarhlutnum í Borgun. Upplýsingar sem birst hafi opinberlega hafi gefið til kynna að verðmæti alls hlutafjár Borgunar hafi aukist mun meira en virði skráðra hlutabréfa á Íslandi frá því að Landsbankinn samþykkti tilboð kaupenda. Þá telur Bankasýslan það gagnrýniverð að bankinn hafi komið sér í þá stöðu að eini viðsemjandinn hafi verið hópur fjárfesta þar sem stjórnendur Borgunar voru innanborðs. Jafnframt verði að gera þá kröfu til bankans að gæta sín við mat á rekstraráætlunum sem gerðar eru af aðilum innan kaupendahópsins.

Steinþór Pálsson bankastjóri vildi ekki tjá sig þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða hans í gær. Í tilkynningu frá bankanum segir að gert sé ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið birti álit sitt á sólnni innan nokkurra daga. Bankaráðið muni svara Bankasýslunni innan þess frests sem tilgreindur er. Þá verði fjallað um málið á aðalfundi þann 14. apríl.



Lárus Blöndal og Jón Gunnar Jónsson gerðu grein fyrir afstöðu Bankasýslunnar á fundi fjárlaganefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bankaráð fundar

Bankaráð Landsbankans fundar næst á miðvikudag en um reglubundinn fund ráðsins er að ræða. Bankaráðið hefur hingað til borið fullt traust til Steinþórs Pálssonar bankastjóra vegna Borgunarmálsins og hefur formaður bankaráðsins lýst þeirri skoðun opinberlega.

Í bréfi Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, til Bankasýslunnar hinn 11. febrúar er víkið að fyrirhugaðri sölu ríkissjóðs á 30 prósentu hlut í Landsbankanum, en að Borgunarmálið sé til þess fallið að skoða bankann.

„Því sé nauðsynlegt áður en lengra er haldið í því ferli að hvaðeina er máli skiptir og varðar sölu Landsbankans á Borgun verði upplýst og málið afgreitt með þeim hætti að traust til bankans og stjórnenda hans verði tryggt.“

Bjarni sagði við Fréttablaðið í gær að mögulega sölu á hlut ríkisins í bankanum verði að skoða í viðara samhengi en vegna umræðunnar um Borgunarmálið. „Í fyrsta lagi erum við ekki að flýta okkur en þess utan eru aðstæður með þeim hætti að maður á ekki að vera að hugsa þetta til sex eða tólf mánaða,“ segir Bjarni. Áður en bankinn er seldur þurfi að ráðast í lagabreytingar og uppfæra eigendastefnuna.

jonhakon@frettabladid.is

Þú færð pottþétt starf

Í verk- og tækninámi bjóða fjölmörg fyrirtæki upp á vinnustaðanam þar sem þú öðlast dýrmæta starfsreynslu. Að námi loknu standa þér til boða ótal spennandi og vel launuð störf, þú hlýtur alþjóðlega viðurkennd starfsréttindi og auk þess góðan grunn að fjölbreyttu framhaldsnámi.

Fleiri en 160 fyrirtæki í iðnaði hafa lýst yfir vilja til að efla vinnustaðanam. Kynntu þér málið á www.si.is.

Samtök iðnaðarins 2016 | 591 0100

SI



Flóttamaður heldur á barni yfir á áður en komið var inn í Makedóníu. NORDICPHOTOS/GETTY

Flóttamenn flyktust yfir landamæri Makedóníu

MAKEDÓNÍA Um það bil þúsund flóttamenn streymdu inn í Makedóníu eftir að hafa vaðið yfir stórflyjót og fundið sér leið fram hjá girðingunni á landamærum Makedóníu og Grikklands.

Áin sem um ræður er stór og strengdu flóttamennirnir reipi yfir hana til að styðja sig við er vaðið var yfir, sumir hverjir með börn í höndunum eða á bakinu.

Þegar komið var til Makedóníu tóku hermenn á móti þeim og smöluðu upp í herbíla. Ekki er vitað hvert farið var með fólkið. Talskona

lögreglunnar á staðnum sagði hins vegar að verið væri að gera ráðstafanir til að flytja fólkið aftur til Grikklands. Þá sagði hún einnig að lögregla og her hefðu skerpt á öryggisgæslu við landamærin.

Fólkið hafði áður aðsetur í flóttamannabúðum í gríska bænum Idomeni ásamt 14.000 öðrum flóttamönnum, flestum frá Sýrlandi og Írak, en aðstæður þar hafa versnað undanfarið sökum rigningar. Mikil hefur fjölgað í búðunum frá því Makedóníumenn lokuðu landamærum sínum með girðingu. – **þea**



Tæp tvö ár eru síðan starfsemi á hjúkrunarheimilum í Reykjavík fór úr skorðum vegna verkfalls félaga í SFR. Nú stefnir í slíkt ástand í öðrum sveitarfélögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Boða allsherjarverkfall

Öldrunar- og hjúkrunarþjónusta á vegum sveitarfélaga landsins raskast í byrjun apríl komi til verkfalls sjúkraliða. Verkfall samþykkt með 97 prósentum atkvæða.

KJARAMÁL Samþykkt hefur verið allsherjarverkfall sjúkraliða hjá sveitarfélögum landsins frá fjórða apríl takist ekki samningar fyrir þann tíma.

Undir er þjónusta sjúkraliða um allt landið þar sem sveitarfélög reka öldrunar- og hjúkrunarþjónustu, auk félagsþjónustu sem sjúkraliðar vinna við. Stærstu stofnanirnar sem verkfall myndi ná til eru Síða á Akureyri, Brákarhlíð í Borgarfirði, Höfði á Akranesi og Ísafold í Garðabæ, segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ).

Þjónusta í Reykjavík raskast ekki, en borgin semur beint við sína viðsemjendur. Samningur sjúkraliða og Reykjavíkurborgar var undirritaður 16. desember síðastliðinn.

Af þeim 180 sem þátt tóku samþykktu 175, eða rúm 97 prósent, verkfallsaðgerðir í kosningu Sjúkraliðafélags Íslands. Niðurstöður kosningarinnar voru birtar í gær. Þrjú kusu á móti verkfalli og tveir skiluðu

Maður verður bara að vera bjartsýnn. Það er ekki ósk nokkurs að þetta lendi í verkföllum.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands



auðu. Tæp 58 prósent félagsmanna tóku þátt í kosningunni.

Kristín segir boðaðar aðgerðir fyrst og fremst vegna mikils dráttar sem orðið hafi á samningum. „Samningar okkar voru lausir um leið og allra annarra,“ segir hún. „Allan þann tíma var mjög lengi verið að koma samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga að borðinu.“ Síðan hafi deilunni verið vísað til ríkissáttasemjara.

Í gærmorgun segir Kristín að hafi verið tíundi fundurinn í deilunni og enn beri mikið í milli. Tilboð sveitarfélaganna sem samninganefndin hafi hafnað sé langt frá því sem samið hafi verið um annars staðar. „Við gerðum þeim tilboð á móti, en því höfnuðu þau og slitu.“

Varðandi það hvort hún sé bjartsýn á að samningar náist áður en til verkfalls kemur bendir Kristín á að ríkissáttasemjari sé búinn að boða til funda í deilunni strax eftir páska. „Maður verður bara að vera bjartsýnn. Það er ekki ósk nokkurs að þetta lendi í verkföllum.“

Hjá Bandalagi háskólamanna (BHM) er einnig sagður þungur tónn í fólki og verið að íhuga aðgerðir. „Félagsmenn BHM hjá sveitarfélögum hafa verið sammingslausir í rúmt hálf ár en kjaraviðræður við Samband íslenskra sveitarfélaga hafa dregist úr hömlu,“ segir í umfjöllun á vef BHM. „Ef ekki verður gripið í taumana er grunnþjónusta sveitarfélaganna í hættu.“ ollikr@frettabladid.is



Skoda Octavia
Ambiente 1.6 TDI

2011 **2.490.000** KR



Audi A4
2.0 TDI AT

2012 **3.950.000** KR



VW Polo
Comfortline 1.4 AT

2010 **1.720.000** KR



VW Golf A7 Comfortline
R-Line 1.4 TSI AT

2014 **3.690.000** KR



Skoda Rapid
1.6 TDI

2013 **1.990.000** KR



MM Outlander
Instyle 2.2 DID

2013 **5.490.000** KR

Raf / Bensín
Ekinn þús. km.
Myndir á vef
Disil
Fjór hjóladrif
Metan & bensín
Sjálfskiptur
Beinskíptur
Rafmagnsbíll

Litskrúðugir vagnar

Barnvænir



Peugeot 206
Active

2013 **2.190.000** KR



Toyota Auris
Hybrid

2014 **3.590.000** KR



BMW
525xi E60

2007 **3.690.000** KR



Honda Civic
1.8i ES

2006 **1.190.000** KR

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Tækifæri



SIEMENS - Uppþvottavélar
SN 45M209SK (hvít)
SN 45M509SK (stál)

13 manna. Fimm kerfi. Hljóð: 44 dB. Barnalæsing. „aquaStop“-flæðivörn. Zeolith®-þurrkun: Einstaklega árangursrík þurrkun.

Tækifærisverð:
127.900 kr.
(Fullt verð: 159.900 kr.)

„All in 1“
uppþvottaflokkur
frá Finish fylgja
með öllum
uppþvottavélum.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Utan þings



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Þeir einstaklingar, sem styðja stjórnmalamenn sem hafa þá stefnu að ráðherrar eigi ekki að sitja á þingi, hafa ekki hugmynd um hverjir verða fulltrúar þeirra í ríkisstjórn verði þeir stjórnmalamenn á annað borð í aðstöðu til að mynda stjórn. Er það gott?

Píratar munu ekki eiga aðild að ríkisstjórn þar sem ráðherrar sitja jafnframt sem þingmenn. Þessi ályktun var samþykkt í kosningakerfi flokksins í febrúar sl. og er orðin stefna flokksins. Ályktunin er svohljóðandi: „Píratar skuli ekki eiga aðild að ríkisstjórn þar sem ráðherrar sitji jafnframt sem þingmenn.“

Magnús Orri Schram, sem freistar þess að verða formaður Samfylkingarinnar, er sömu skoðunar en hann lýsti henni í hér í þessu blaði um síðustu helgi. „Formaður í stjórnmalaflokki á að vera á þingi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að ráðherrar eigi ekki að sitja á þingi,“ sagði Magnús Orri. Ef Magnús Orri nær markmiði sínu að verða formaður Samfylkingarinnar mun þá fólk sem kys þann flokk kjósa sér formann utan ríkisstjórnar? Að sama skapi má spyrja hvort þeir sem ætla að kjósa Pírata í næstu kosningum muni kjósa einhverja allt aðra en fulltrúa flokksins í ríkisstjórn? Og þarf ekki að liggja fyrir áður en gengið er til kosninga um hvaða fólk sé að ræða?

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn eins og kemur fram í stjórnarskránni. Reglan felur það í sér að þeir einir geta gegnt ráðherraembætti sem meirihluti þingsins vill styðja eða að minnsta kosti þola í embætti. Stjórnarskráin takmarkar ekki að öll ríkisstjórnin sé utan þings. Í okkar fyrirkomulagi eru kjósendur hins vegar að kjósa sér fulltrúa á þingi og vonast til þess að sínir fulltrúar myndi síðan stjórn. Þessi hugsun, að það sé æskilegt að öll ríkisstjórnin sé utan þings, vekur margar spurningar. Í fyrsta lagi, hvornig ætlar þetta fólk að framfylgja stefnu eigin flokks? Með samtölum við þá sem sitja í embætti hverju sinni? Og hvaða þýðingu hefur það að aftengja hina pólitísku ábyrgð úr ráðuneytnum með því að skipa þangað ráðherra sem sækir ekki lýðræðislegt umboð sitt beint til almennings?

Ráðherraábyrgð skiptist í tvennt. Annars vegar í lagalega ábyrgð og hins vegar pólitíska ábyrgð. Í hinna fyrrnefndu felst refsí- og bótaábyrgð ráðherra vegna embættisfærslna þeirra en í hinna síðarnefndu felst að Alþingi getur fundið að ákvörðunum ráðherra eða samþykkt á hann vantraust sem leiðir þá til þess að hann verður að hætta. Þetta þýðir að allir ráðherrar utan þings þurfa á endanum að njóta trausts og sækja umboð sitt til kjörinna fulltrúa. En sú staðreynd að enginn þeirra sækir umboð sitt beint til almennings gerir það að verkum að þeir verða í reynd einhvers konar sendiboðar þeirra þingmanna sem mynda meirihluta á þinginu hverjum tíma. Þá er betur heima setið en af stað farið.

Það er allt í lagi að einstakir ráðherrar séu utan þings og við höfum ágæta reynslu af því. En sú stefna að ríkisstjórnin í heild sinni sé utan þings er óvissuleiðangur og í reynd fullkomin tilraunastarfsemi í stjórnskipun íslenska ríkisins.



Þessi hugsun, að það sé æskilegt að öll ríkisstjórnin sé utan þings, vekur margar spurningar.

Halldór



Frá degi til dags

Við á móti ykkur

Formaður Bændasamtakanna ritaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann sagði íslenska bændur stolta af framlagi sínu til atvinnulífsins og samfélags. Hann sagði þó að ASI virtist helst vilja losna við það framlag vegna áskorunar samtakanna um að nýgerðir búvörusamningar verði felldir. Enn og aftur fer umræðan beint í skotgrafirnar – „við á móti ykkur“. Ýmsir, þar á meðal margir bændur, hafa gagnrýnt þessa samninga. Væri nú ekki lag að setjast niður, fá sér íslenska lambakótelettu, og ræða framtíð greinarinnar í bröðerni í stað þess að detta ávallt beint niður í leðjuslaginn.

Tvimennt frá lögreglustjóra Hópur skeleggs fólks hefur lagt land undir fót til þess að vera viðstatt 60. fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna sem hófst í gær og stendur til 18. mars næstkomandi. Í hópnum eru 25 fulltrúar frá Íslandi sem koma víða að úr samfélaginu. Nú skal ekki dregið í efa að umræðuefni fundarins, valdefling kvenna, sé brýnt. En ekki hefur verið útskýrt hvers vegna lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, fremur fjársvelt embætti, sá ástæðu til að senda tvo fulltrúa. Þær Sigríði Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóra og Óldu Hrónn Jóhannsdóttir yfirlögfræðing. fbj@365.is / jonhakon@365.is

Lygilegur jöfnuður?



Karl Gardarsson
Þingmaður
Framsóknar-
flokksins

Ísland á Evrópumeti í jafni dreifingu launa. Raunar dreifðust tekjur jafnar milli fólks hér á landi árið 2014 en nokkru sinni hefur sést síðan mælingar hófust árið 2004. Þetta kemur fram, bæði í félagsvísunum 2015 og lífskjáranannsókn Hagstofunnar 2015. Samkvæmt alþjóðlegum samanburði OECD er Ísland einnig skilgreint sem hálaunaland. Samkvæmt gögnum OECD eru meðaltekjur á Íslandi næst hæstar á Norðurlöndunum og því er nær sanni að segja að Ísland sé hálaunaland, þegar lítið er til kaupmáttar. Sifell fækkar í hópi þeirra landsmanna sem hafa tekjur undir lágtekjumörkum og atvinnuþátttaka eykst. Þetta er í raun lygileg staða og ótrúlegur árangur.

Það er að sjálfsgöðu ánægjulegt að sjá aukinn jöfnuð í samfélaginu, en það er ekki þar með sagt að við viljum að allir séu á sömu launum, fyrir ólík störf. Það er grundvallaratriði að við metum menntun og ábyrgð til launa. Að öðrum kosti væri hvatinn fyrir menntun minni og erfitt gæti reynst að fá starfsmenn til að taka á sig aukna ábyrgð, með tilheyrandi álagi og auknu vinnuframlagi.

Þrátt fyrir góða stöðu Íslands og íbúa landsins eignum við að geta gert enn betur. Hlutfall Íslendinga sem er undir lágtekjumörkum hefur vissulega dregist saman á milli ára en 8% er enn of hátt. Ísland er ríkt af auðindum og tækifærum til að bæta hag þeirra sem minna hafa. Við þurfum að hlúa að þeim tækifærum og vera duglegri að nýta þau.

Það er hins vegar áhyggjuefni að þrátt fyrir að tekjujöfnuður sé að aukast og kaupmáttur orðinn meiri, þá upplifir þjóðin það ekki svo að á Íslandi ríki jöfnuður. Sú upplifun er raunveruleg en snýr mun fremur að skiptingu auðs og arðs, fremur en launamslaginu. Þegar fréttir á borð við himinháar arðgreiðslur úr tryggingarfélagum til hluthafa og gríðarlegar launahækkunar forstjóra berast dag eftir dag, er það ekkert skritið. Þar þarf ríkið að sinna sínu hlutverki betur, að sinna hagsmunum neytenda.

Það má gera betur í mörgum málum. En það má líka gleðjast yfir því sem gott er. Stundum er líka nauðsynlegt að við minnum okkur á hversu gott við raunverulega höfum það, þó með þann metnað að leiðarljósi að ávallt er hægt að sækja lengra fram.



Þar þarf ríkið að sinna sínu hlutverki betur, að sinna hagsmunum neytenda.

Lærðu um leið og þú ferðast!

Ferðaskrifstofan Mundo heldur kynningarfund á Hallveigarstöðum við Túngötu í dag 15. mars

- 17:00 kynning á sumarþúðum Mundo
- 18:00 kynning á skiptinámi Mundo á Spáni, í Bandaríkjunum og í Þýskalandi. Enn eru nokkur pláss laus fyrir brottför í haust
- 19:00 kynning á gönguferðum um Jakobsveg árið 2016
- 20:00 kynning á hjólaferðum um Jakobsveg árið 2016

MUNDO
www.mundo.is



Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

Það þarf að byrja upp á nýtt!



Ögmundur Jónasson
alþingismaður



Vandræðin á vinstri vængnum hafa verið, og eru enn, vantrú á eigin lausnir. Þess vegna hafa þær ekki verið framkvæmdar þegar færi hefur gefist.

Alþýðusamband Íslands varð hundrað ára í síðustu viku. Litlu eldri er samvinnuhreyfingin. Upp úr sama jarðvegi spratt margvíslegt framtak sem byggði á félagslegu átaki. Allt þetta gerðist á öndverðri öldinni sem leið. Til urðu samvinnufélög um rekstur banka og sparisjóða og margvíslega framleiðslu. Þar sem einstaklingsframtak dugði ekki til, tóku margir höndum saman, jafnvel heilu bæjarfélögin. Stofnaðar voru bæjarútgerðir og Sildarverksmiðjur ríkisins. Til varð öflugt menntakerfi, heilbrigðiskerfi, sterkar stöðir innviða.

Allt á sinn tíma. Ekkert mannanna verk er svo gott að það standist tímans tönn að eilífu, hvað þá manneskjuna sjálfa með öllum sínum kostum – og göllum. Þannig má segja að samvinnuhreyfingin og samvinnufyrirtækin hafi orðið sjálfri sér að bráð, stjórnendum sínum og eigendum. Átakanlegasta dæmið eru sparisjóðirnir sem voru markaðsvæddir og eigendum gert kleift að braska með hluti sína. Þá urðu þeir eins og hinir bankarnir sem áður hafði verið gefinn laus taumurinn. Hin félagslega taug var þar með numin brott.

Löngu áður voru bæjarútgerðirnar komnar í einkahendur og allt sem byggði á samvinnu nánast bannfært. Eftir stóð að vísu grunnur velferðarþjóðfélagsins, afreksverk félagshyggjunnar á tuttugustu öldinni, mesta framfaraskiði mannkynsögunnar.

Hinum nýju eigendum, hluthöfundum og stjórnendum á bónusunum skyldi nú allt. Núverandi ríkisstjórn var meira að segja svo umhugað um velferð þeirra, að auðlindagjöldum sem síðasta ríkisstjórn hafði ætlað útgerðinni að greiða, var aflétt að hluta.

Snýst um hvað við viljum

En viljum við hafa þetta svona? Er ekki hægt að byrja upp á nýtt? Ég mæli með því. Það þarf að stofna samvinnubanka. Samfélagsbanka-hugmyndir Frosta Sigurjónssonar og okkar margra á félagshyggjuvængnum eru visir að endurfæddri hugsun um banka sem ekki níðist á viðskiptavinum sínum og er ekki ætlað að vera gullgerðarvélur fyrir eigendur sína.

Stjórnarkjör VR 2016-2018 – skilaboð frá varaformanni



Bjarni Þór Sigurðsson
varaformaður VR og í framboði til stjórnar VR 2016-2018

Kæri VR félagi,

Nú standa yfir kosningar til stjórnar VR. Ég sækist eftir endurnýjuðu umboði til áframhaldandi stjórnarsetu. Kosningunum lýkur kl. 12 á hádegis í dag.

Það var ærin ástæða til að fagna þegar samkomulag um uppbyggingu eitt þúsund leiguíbúða á næstu fjórum árum var undirritað um helgina. Strax á þessu ári verður lóðum úthlutað fyrir 150 íbúðir.

Mín aðkoma hófst í stjórn VR árið 2011 þegar fyrstu skrefin voru tekin. Síðan hef ég unnið ótulllega að þessu máli innan VR, ASÍ og borgarstjórnar. Það var við hæfi að undirrita samkomulag á aldarafmæli ASÍ en saga félagsins er full af merkjum sigrum og framförum í húsnæðismálum. Nýtt leigufélag er enn einn slíkur sigur.

Þó vissulega beri að fagna þessum góða áfanga er margt óunnið í húsnæðismálum. Aðgengi að góðu húsnæði á viðráðanlegum kjörum eru mannréttindi og í eðli sínu kjaramál og því úrlausnarefni verkályðshreyfingarinnar. Nauðsynlegt er að valmöguleikar á húsnæðismarkaði séu sem fjölbreyttastir. Ef húsnæðisþörfum ungs fólks er ekki mætt er hætt við áframhaldandi brottflutningi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á vinnumarkaði og atvinnusköpun í framtíðinni. Tryggjum að svo verði ekki.

Því er nauðsynlegt að huga að frekari uppbyggingu á leigumarkaði og fjölga valmöguleikum annarra tekjuhópa á húsnæðismarkaði. Fjölbreyttir valmöguleikar útiloka ekki hver annan.

Auk baráttunnar fyrir fleiri valkostum í húsnæðismálum mun ég berjast gegn óútskýrdum launamun kynjanna, tryggja aukinn kaupmátt, starfsmenntun og sveigjanleg starfslok svo eitthvað sé nefnt.

Ég býð mig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Sért þú félagi í VR hvet ég þig til að nýta atkvæðisréttinn og vonandi á ég stuðning þinn vísan.

Spítalinn okkar



Landssamtök um uppbyggingu nýs húsnæðis Landspítala

EKKI MISSA AF MÁLÞING UM MÁLEFNI LANDSPÍTALA Í DAG 15. mars kl. 16.50

Dagskrá:
Aðalfundur Spítalans okkar
kl. 16.00-16.45
Málþing um málefni Landspítala
kl. 16.50 -18.00

Icelandair Hótel Reykjavík Natura við Reykjavíkurlugvöll

Dagskrá málþings kl. 16.50. Yfirskrift málþings

„Sameinaðir kraftar í Vatnsmýrinni“

Setning.

Porkell Sigurlaugsson, varaformaður Spítalinn okkar

Dýnamík í Vatnsmýrinni.

Sara Þórðardóttir Oskarsson, listakona

Fyrirlestrar:

Mikilvægi samstarfs Háskóla Íslands og Landspítala.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Lokaorð.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis

„Það á enginn eftir að heimsækja þig Sophía“.

Klara Guðmundsdóttir, læknanemi

Fundarstjóri.

Ásta Möller, fyrrverandi alþingismaður

Aðalfundur Landsbankans 2016

Aðalfundi Landsbankans hf. sem halda átti miðvikudaginn 16. mars 2016 hefur verið frestað til fimmtudagsins 14. apríl 2016. Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu.

Drög að dagskrá:

- Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
- Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
- Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
- Tillögur til breytinga á samþykktum.
- Kosning bankaráðs.
- Kosning endurskoðanda.
- Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
- Önnur mál.

Aðrar upplýsingar:

Hluthafar eiga rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 30. mars 2016.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsvæði bankans á slóðinni <https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/> fimmtudaginn 31. mars 2016.





Svana Katla Þorsteinsdóttir hefur unnið þrjú gull og eitt silfur á katamótum undanfarnar tvær helgar. Hér er hún með hluta bikarasafnsins í stofnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er alls ekki strákaiþrótt

Siðustu tvær helgar hafa verið frábærar fyrir karatekonuna og Blikann Svönu Kötlu Þorsteinsdóttur því hún fylgdi eftir tvöföldum Íslandsmeistararitli í kata með gulli og silfri á sterku móti í Svipjóð um helgina.

KARATE Svana Katla Þorsteinsdóttir ráðleggur öllum stelpum að drífa sig í karate. Velgengni hennar er líka gott dæmi um það að íslenskar stelpur geti gert það gott í karate-íþróttinni.

Svana hefur nú unnið til verðlauna tvær helgar í röð. Á laugardag vann hún gull og silfur á sænsku móti.

„Ég kom sjálfri mér bara á óvart. Ég gerði mér væntingar um að komast í verðlaunasæti. Þetta var því virkilega gaman,“ segir Svana sem segir mót sem þetta mikilvægt nú þegar hún hefur sett stefnuna á stórmótin. Hún er með tryggt sæti á NM og vonast eftir EM-sæti líka.

Krossleggur fingurna

„Það er ekki búið að velja á Evrópu-meistaramóti en ég vona að ég fái að fara. Ég varð Íslandsmeistari um daginn og Íslandsmeistarinn fer oftast en ég get ekki lofað neinu. Ég krosslegg bara fingurna um að ég fái að fara,“ sagði Svana.

Hún notar mikið YouTube-myndbönd til að koma sér í rétta stuðni fyrir keppni. „Þetta er rosalega andlegt. Maður verður að hugsa um kata aftur og aftur. Hugsa um hvernig hún er fullkomin og hugsa um aðstæðurnar. Það er mikilvægt að loka á alla neikvæðni í kringum mann,“ segir Svana. Hvernig stóð þó á því að hún fór í karate á sínum tíma?

„Ég bjó í Bandaríkjunum fyrstu tíu árin mín og var í kung-fú þar. Ég flutti svo til Íslands og það var ekkert kung-fú hérna á Íslandi. Ég vildi ekki fara í karate fyrst af því ég var svo mikið á móti því. Svo ákváðum við systurnar að fara í karate. Það var árið 2004 og ég hef ekki hætt síðan. Þetta er rosalega gaman og hefur styrkt mig bæði líkamlega og andlega,“ segir Svana en hún viðurkennir að það komi mörgum á óvart þegar hún segir þeim frá sinni íþrótt.

Út kemur einhver brjálæðingur

„Það kemur fólki oft á óvart að ég

sé í karate af því að ég er í minni kantinum. Fólk heldur kannski að ég sé í dansi eða einhverju svona krúttlegu. Fólki finnst líka gaman að sjá mig svona þínulitla en svo kemur einhver brjálæðingur út úr mér. Það er gaman að sýna það,“ segir Svana og hún þarf að loka á allt í keppni.

„Þegar ég er að keppa í kata þá er ég í mínum eigin heimi. Ég heyri engin hljóð og sé ekkert fólk fyrir framan mig,“ segir Svana. Hún hefur unnið tvö gull í hópkata þessar tvær helgar með félögum sínum úr Breiðabliki, þeim Kristínu Magnúsdóttur og Örnú Katrínu Kristinsdóttur.

„Hjá okkur í Breiðabliki þá er meirihlutinn stelpur og það er æðislegt að sjá fleiri stelpur koma inn í karate. Þetta er svo gaman og þetta er alls ekki strákaiþrótt,“ segir Svana.

Svana var valin karatekona ársins í fyrra og góð byrjun í ár er því í takt við frammistöðu hennar árið 2015.

„Ég ætla að reyna að halda áfram og kannski kemst ég á næstu Ólympíuleika. Ég sé mig í þessu eins lengi og ég get,“ segir Svana sem er jafnframt í hjúkrunarfræði í Háskólanum.

„Ég er að gera eitthvað á hverjum einasta klukkutíma og þetta snýst um að vera rosalega skipulagður og finna hvenær maður getur æft og hvenær maður getur lært. Svo verður maður nú að eiga líf líka,“ segir Svana hlæjandi. Hún hefur safnað að sér verðlaunum og þau taka nú sitt pláss.

Næstum því eins stór og hún

„Það eru nokkrir stórir bikarar hér í stofnunni. Íslandsmeistarabikarinn er frekar stór og næstum því eins stór og ég,“ segir Svana létt en það er ekki slæmt að geta stillt upp glæsilegum bikurum þegar gestir koma í heimsókn. „Mamma er rosalega góð í því að monta sig,“ segir Svana að lokum. ooj@frettabladid.is

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Leicester 1–0 Newcastle

Efri hlutinn	Neðri hlutinn
Leicester 63	WBA 39
Tottenham 58	Everton 38
Arsenal 52	Bournem. 38
Man. City 51	Watford 37
West Ham 49	C. Palace 33
Man. Utd 47	Swansea 33
Southampt. 44	Sunderland 25
Liverpool 44	Norwich 25
Stoke 43	Newcastle 24
Chelsea 40	Aston Villa 16

🐦 Mahrez og Vardy fá mesta athygli, réttilega eflaust, en ég elska að horfa á Kanté spila leikinn. Algjörlega magnaður leikmaður

Jóhannes Valgeirsson
@JohannesValg

Ólís-deild karla

ÍR - Afturelding 24-25

ÍR: Sturla Ásgeirsson 10/5, Jón Heiðar Gunnarsson 5, Jón K. Björgvinsson 3.

Afturelding: Þrándur Gíslason Roth 6, Böðvar Páll Ásgeirsson 5, Mikk Pinnonen 5.

Valur - Víkingur 22-22

Valur: Ómar Ingi Magnússon 8, Sveinn Aron Sveinsson 4, Guðmundur H. Helgason 3.

Víkingur: Jóhann R. Gunnlaugsson 7, Karolís Stropus 5, Jón Hjálmarsson 3.

Fram - FH 23-29

Fram: Óðinn Ríkarðsson 6, Garðar Sigurjónsson 4, Þorgrímur S. Ólafsson 3.

FH: Ágúst Birgisson 5, Halldór Ingi Jónasson 5, Einar Rafn Eirsson 4/1.

Haukar - Grótta 36-28

Haukar: Heimir Óli Heimisson 6, Tjörvi Þorgeirsson 4, Janus Daði Smáráson 4.

Grótta: Finnur Ingi Stefánsson 7, Styrmir Sigurðsson 5, Júlíus Þ. Stefánsson 4..

Efst	Neðst
Haukar 41	Grótta 22
Valur 35	Fram 22
Afturelding 26	Akureyri 20
ÍBV 24	ÍR 16
FH 23	Víkingur 9

STERKUR SIGUR HARALDAR
Haraldur Franklín Magnús, kylfingur úr GR, bar sigur úr býtum á sterku háskólamóti í Texas í Bandaríkjunum um liðna helgi. Íslandsmeistarinn í höggleik frá því 2012 spilaði frábærlega og lauk leik á tíu höggum undir pari. Fyrsta hringinn spilaði hann á sex höggum undir pari sem er besta frammistaða hans á einum hring á háskólamóti. Með þessum sigri á mótinu um helgina hefur Haraldur Franklín náð tólf sinnum að vera á meðal tíu efstu á háskólamóti og sex sinnum hefur hann verið á meðal fimm efstu. Hann er á lokaári með Louisiana-skólanum, en þetta er fyrsti sigur hans á háskólamóti síðan 2014. Ragnar Már Garðarsson endaði á einu höggi undir pari en hann leikur einnig með Louisiana-háskóla-liðinu.

Í dag

19.15 Meistardeildarupph. Sport
19.45 Man. City - D. Kiev Sport
19.35 Atlético - PSV Sport 3
21.45 Meistaramörkin Sport

Merrild 304

Dökkbrennt malað kaffi

Hentar sérstaklega vel ef þú vilt mjólk í kaffið

Merrild MØRK er dökkbrennt malað kaffi úr 100% Arabica baunum. Lengri brennsla þýðir að baunirnar verða dekkri og braðeinkenni kaffisins fá tíma til að losna úr læðingi. Dökkbrennda kaffið hefur mikla fyllingu og snert af beiskju og því hentar það sérstaklega vel með mjólk.



Góðar stundir

MINNKAÐI LYFIN UM HELMING

Artasan kynnr Organic Beetroot frá Natures Aid er lífræn þurrkuð rauðrófa í hylkjum. Rauðrófan telst til ofurfæðis en hún er mjög rík af andoxunarefnum og talin 100% náttúrulegt bætiefni. Hún er talin auka blóðflæðið og getur þannig stuðlað að betri líðan og betri heilsu. Jóhannes S. Ólafsson hefur góða reynslu af notkun hylkjanna.

Hollusta rauðrófunnar hefur lengi verið þekkt. Hún er mjög rík af andoxunarefnum og hafa rannsóknir á rauðrófu sýnt að hún er æðavíkkandi. Aukið blóðflæði hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans, lækkar blóðþrýsting, eykur snerpu, orku og úthald.

Lífrænu rauðrófuhylkin frá Natures Aid eru 100% náttúrulegt bætiefni og góð fyrir alla sem vilja viðhalda góðri heilsu. Það er mikill hægðarauki fyrir marga að geta tekið inn rauðrófuhylki því ekki eru allir jafn hrifnir af bragðinu af rauðrófunni eða rauðrófusafanum. Viðtökur Íslendinga hafa verið ótrúlega góðar og það eru margir sem kaupa þessa vöru aftur og aftur vegna þeirra áhrifa sem þeir finna. Margir tala um að hand- og fót kuldi minnki til muna og að úthald við íþróttaiðkun aukist.

MÆLT ER MEÐ LÍFRÆNU RAUÐRÓFUHYLKJUNUM FYRIR:

- Allt íþróttafólk sem vill ná betri árangri, auka orku, úthald og snerpu.
- Alla þá sem eru að glíma við blóðþrýstingsvandamál, of hátt kólesteról, hjarta-, æða- og taugasjúkdóma, ristilvandamál o.fl.
- Alla sem vilja hreinsa líkamann, halda sér í kjörþyngd og viðhalda góðri heilsu.
- Alla þá sem vilja bæta kynlíf- ið en þar skiptir gott blóðflæði miklu.

MINNKAÐI LYFIN VIÐ SYKURSÝKI II UM HELMING

Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri frá Akranesi, fékk hjartaáfall árið 2007. „Í kjölfarið greindist ég með sykursýki II og fékk lyf við því. Samhliða rauk kólesterólið hjá mér upp úr öllu valdi. Í maí 2015 sagði kunningi minn mér frá Beetroot rauðrófuhylkjunum frá Natures Aid sem hann var að taka, en ástæða þess að sá fór að taka inn rauð-

“Ég hef minnkað lyfin við sykursýki II um helming eftir að ég byrjaði að taka inn rauðrófuhylkin frá Natures Aid.

Jóhannes S. Ólafsson

rófuhylkin var góð reynsla vinar hans sem hefur verið að glíma við sykursýki II. Þess vegna benti hann mér á að skoða þau og prófa.“

KÓLESTERÓLIÐ SNARLÆKKAÐI

„Ég hef tekið rauðrófuhylkin inn daglega síðan í maí 2015. Ég tek eitt á morgnana og eitt á kvöldin. Ég fann strax að þetta gerði mér gott enda kom í ljós eftir læknisheimsókn síðar um haustið að kólesterólið hafði snarlækkað og ég var látinn minnka sykursýkislyfin um allt að helming. „Ég er mjög ánægður með rauðrófuhylkin frá Natures Aid og



Jóhannes fékk hjartaáfall 2007 og greindist í kjölfarið með sykursýki II. Hann hefur fengið mikinn bata eftir að hann fór að taka inn Beetroot frá Natures Aid.

mæli heilshugar með þeim. Við hjónin tökum þau bæði daglega. Við finnum mikinn mun og okkur finnst þau gera okkur mjög gott.“

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.

“Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólið hjá mér upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum.

Jóhannes S. Ólafsson

LUNAMINO

INNIHALDSEFNI:

- L-tryptófan
- Sítrónumelissa
- Lindarblóm
- Hafrar
- B-vítamín
- Magnesíum

Melatónín er myndað úr tryptófani



GÓÐA NÓTT

NÝTT

Sölustaðir: Lyfja, Heilsuhúsið, Apótekið og Fræið í Fjarðarkaupum.

Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.



Ýmsar rannsóknir benda til þess að hunang geti eytt MÓSA-bakteríunni og fleiri fjölonæmum bakteríum.

HUNANG Í SÁRAMEÐFERÐ

Það er á flestra vitorði að hunang fer vel ofan á ristað brauð. Það sem færri vita er að það býr yfir eiginleikum sem ýta undir sáragræðslu. Það er auk þess bakteríu- og bólgueyðandi og dregur jafnvel úr örarmyndun. Það getur sömuleiðis haft góð áhrif á ýmsa húðsjúkdóma.

Bakteríudrepandi eiginleikar hunangs hafa verið þekktir frá örófi alda og mátu Egyptar og Grikkir til forna það mikils. Hunang var mikið notað í sárameðferðum allt fram að seinni heimsstyrjöldinni en með tilkomu pensilíns var farið að líta á notkun þess í slíkum tilgangi sem gamalt húsrád. Nú hafa vísindamenn víða um heim hins vegar tekið höndum saman til að sanna gildi þess í baráttunni við hinar ýmsu bakteríur og þá sérstaklega í ljósi þess að ónæmi þeirra gegn sýklalyfjum er ört vaxandi ógn. Ýmsar rannsóknir benda til þess að hunang geti til að mynda eytt MÓSA-bakteríunni (meticillin ónæmir staphylococcus aureus) og fleiri fjölonæmum bakteríum.

Breski hjúkrunarfræðingurinn Lynn Hudgell er sérfræðingur á þessu sviði. Hún er væntanleg til landsins og flytur erindi um notkun hunangs í sárameðferðum á ársfundi SUMS, samtaka um sárameðferð, á morgun.

„Hunang í lækningaskyni er nú vel þekkt meðal heilbrigðisstarfsfólks víða erlendis, en hefur ekki náð að ryðja sér til rúms hér á landi fyrr en nú,“ segir hjúkrunarfræðingurinn Elva Björk Ragnarsdóttir, sem hefur kynnt sér kosti hunangs í meðferð sára. „Besti kosturinn er hrátt, kaldpressað lífrænt ræktað hunang en það er góð uppspretta ýmissa vítamína. Það inniheldur meðal annars A-, B-, C-, D-, E- og K-vítamín ásamt andoxunarefni beta-karótíni. Í því eru einnig ýmsir steinefni eins og



Rannsóknir hafa að sögn Elvu sýnt að hunang gefur góða raun í meðferð alvarlegra sára.

” Hunang í lækningaskyni er vel þekkt meðal heilbrigðisstarfsfólks erlendis.”

magnesíum, kalíum, súlfíð, fosfór, járn, og kalk. Þessi vítamín og steinefni gegna misjöfnum en mikilvægum hlutverkum í sáragræðslu. Þau byggja upp prótein og vernda frumuhinnuna gegn niðurbroti svo dæmi séu nefnd en hunang inniheldur sömuleiðis lifandi ensím sem eru nauðsynleg fyrir líkamsstarfsemina,“ útskýrir Elva.

Rannsóknir hafa að sögn Elvu

sýnt að hunang gefur góða raun í meðferð alvarlegra sára eins og legusára, sára eftir slyss og sýktra skurðsára. „Það hefur einnig verið notað með góðum árangri til að fyrirbyggja sýkingar í skurðsárum eftir keisaraskurði og sýkingar í kringum holæðaleggi hjá krabbameinssjúklingum í lyfjameðferð. Þá hefur verið sýnt fram á að það getur haft góð áhrif á ýmsa húðsjúkdóma eins og exém og psoriasis.

Elva segir þó mikilvægt að hafa það í huga að ekki er æskilegt að nota hunang úr næstu matvöruverslun í lækningaskyni. „Flest hunang sem selt er til neyslu er uppfyllt af kornsíröpi sem er betur til þess fallið að dreifa sýkingum en að eyða þeim. Hunang sem notað er til sáragræðslu ætti alltaf að vera sótthreinsað því þó að hunangið verki bakteríueyðandi í sjálfu sér eyðir það ekki bakteríugróm sem geta náð sér á strik við rétt skilyrði. Sótthreinsa þarf hunangið með gammageislum þar sem hunang tapar virkni sinni að mestu leyti sé það hitað upp fyrir 40 gráður,“ útskýrir Elva. Hunang sem notað er í lækningarskyni fæst í verslunum Lyfju.

Ársfundur SUMS verður haldinn miðvikudaginn 16. mars klukkan 16.10 í Hring-sal Landspítala við Hringbraut og er öllum opin. Erindi Lynn, sem hefur áralanga reynslu og mikla þekkingu á meðferð bráðra og langvinnra sára, hefst klukkan 17.25.


NÝTT OG BETRA APP



Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í símann eða spjaldtölvuna.

Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum



FRÉTTABLAÐIÐ

Endalaust 365

ENDALAUS
GSM

1817 | 365.is

365

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir**, vera@365.is, s. 512 5357 | Sölu menn: **Atli Bergmann**, atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage**, johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429

BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



M.BENZ S 500 4 Matic Long Árgerð 2005, ekinn 85 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 4.900.000. Rnr.132545. Umboðsbíll vel búinn.



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgerð 2010, ekinn 98 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 8.490.000. Rnr.133112. Bíll hlaðinn aukabúnaði.

Bílaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 150 GX. Árgerð 2014, ekinn 54 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.590.000. Rnr.991696.



Kia cee'd EX 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2014, ekinn 41 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.161401. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



CHEVROLET Captiva Luxury 7 sæta. Árgerð 2011, ekinn 70 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.750.000. Rnr.991709.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ B 180 CDI blue efficiency. Árgerð 2014, ekinn 13 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.270003.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Leaf Árgerð 7/2015. Ekinn 3þ.km. Sjálfsk. Bakkmyndavél o.m.fl.. Evrópubíll. Er á staðnum. Tilboð 2.990.000kr. Raðnr 135271. Sjá nánar á www.stora.is

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>

BRAUT BÍLASALA



MERCEDES BENZ Sprinter 318 cdi 4x2. Árgerð 2006, ekinn 245 P.KM dísel, sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.101555.Góður bíll. Skráðu bílinn hjá okkur Braut Bílasala frítt að skrá á bilabreut@bilabraut.is verið velkomin

Braut Bílasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu



Renault Megane Scenic árg 2003. Sjálfsk. Verð 200þ. S. 6162597



Skoda Octavia 2011. Sjálfskiptur. Keyrður 181 þ.km. Ný tímareim. Verð 1.800.000 kr. sími: 6162597



HONDA TILBOÐ 250PÚS

Honda crv árg. '98 ek. 200þús sjálfsk. sk.'17 krókur. Góður jepplingur sem eyðir litlu. Tilboð 250 þús. S. 860 3970

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STADGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólkubíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Þurrkur?

Er rakastigið of lágt?



Svissnesku rakatækin
stylies



íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



viftur.is

-andaðu léttar

Þakviftur

Tilboð frá kr 29.990



Hljóðlátar viftur

Fyrir heimili og hótél



Hljóðlátur

100 mm

Tilboð frá kr 29.990




Rör og fittings



Þakviftur

Bjargvættur

300 mm



Tilboð frá kr 34.900

fasteignir

Kópavogsgærði 5-7



55 ÁRA OG ELDRI

OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 16.mars kl.17:00-18:00

Nánari upplýsingar veitir
Ásgrímur Ásmundsson
hdi og löggiltur fasteignasali

sími: 865 4120
asgrimur@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimarsson
löggiltur fasteignasali

sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
löggiltur fasteignasali

sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is


BARA 6 ÍBÚÐIR EFTIR

Fullbúna 3ja herbergja íbúðir
Íbúðirnar skilast með gólfefnum og
vönduðum eldhústækjum
Stæði í bílgeymslu í boði
Einstök staðsetning við sjávarsiðuna
Stærðir frá 122-188 fm
Afhending júlí/ágúst 2016

Verð frá: **48,1 millj.**

MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

atvinna




MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Embætti skólameistara við Menntaskólann á Egilsstöðum laust til umsóknar

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara við Menntaskólann á Egilsstöðum. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2016.
(Endurbirt vegna rangrar dagsetningar um umsóknarfrest í auglýsingu sem birtist 12. mars 2016)

tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

Ofanflóðavarnir á Norðfirði - Nesgil og Bakkagil

Ofanflóðavarnir á Norðfirði - Urðarbotn og Sniðgil

Fjarðabyggð hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslur um ofanflóðavarnir á Norðfirði.

Kynning á frummatsskýrslum: Tillögur að ofangreindum framkvæmdum og skýrslur um mat á umhverfisáhrifum þeirra liggja frammi til kynningar frá 15. mars til 26. apríl 2016 á eftirtöldum stöðum: Á bókasafni Norðfjarðar, á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, í Þjóðarbókhöldunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Eflu hf: www.efla.is.

Athugasemdafrestur: Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdirnar og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 26. apríl 2016 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Kynningarfundur: Vakin er athygli á að Efla hf stendur fyrir kynningarfundi á frummatsskýrslunum kl. 20 í Egilsbúð í Neskaupstað þann 17. mars n.k. og eru allir velkomnir.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000



Síminn MÁNUDAGA KL. 22:05

FRÁ FRAMLEIÐENDUNUM MARTIN SCORSESE OG MICK JAGGER

HE DIDN'T SEE THE FUTURE HE HEARD IT.

VINYL

365.is | Sími 1817 **365**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Árakur 5 – Garðabæ. Sérinngangur

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

Mjög góð 102,9 fm. íbúð að meðtaldri 11,7 fm. geymslu á 1.hæð með sérinngangi. Fallegar innréttingar úr eik. Rúmgóð stofa og borðstofa með útgengi á hellulagða verönd til suðurs. Tvö herbergi. Frábær staðsetning þar sem skólar og íþróttahús eru í göngufæri.
Verð 40,9 millj. Verið velkomin.

Skógarsel 43. 3ja – 4ra herb. íbúð. Sérinngangur

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

Mjög falleg og rúmgóð 137,5 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Sér inngangur er í íbúðina frá svalagangi. Fallegar samstæðar eikarinnréttingar frá Brúnási eru í allri íbúðinni. Samliggjandi borð- og setustofa með stórum gólfsiðum gluggum. 2 herbergi. Góðar flísalagðar suðursvalir. Sér stæði í upphitaðri bílageymslu og 2 geymslu.
Verð 54,9 millj. Íbúð merkt 0307. Verið velkomin.

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2016.
Við aðstoðum við að kaupa Hobby hjólhýsi beint frá Evrópu, STÓR SPARNADUR.

Áhugasamir hafi samband í s. 866 5395 eða á: kriben@simnet.is

Hjólbarðar




FRÁBÆR DEKKJATILBOD
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.


Bílaleiga

TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA

Möguleiki að kaupa bara reksturinn eða bílaflota með. Gott tækifæri að koma inn í vaxandi rekstur á ört vaxandi markaði. Auðveld kaup. S: 695-6037

ÞJÓNUSTA

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagning
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is
Gólf list
parketlagning og viðhald
99% RYKFRITT

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Viðgerðir

Heimilistækir - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

KEYPT & SELT

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

HEILSA

Nudd
Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nuddtilboð. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 854 3454 og 555 0939.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla
Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!
120 - 280 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



WWW.LEIGUHERBERGI.IS
STARFSMANNABÚSTAÐIR
FYRIR VERKTAKA,
LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.
 Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
WWW.GEYMSLAEITT.IS
 Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.COM
 Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

APARTMENT K
 óskar eftir starfskrafti í móttöku, um næturvinnu er að ræða. Umsóknir sendist á jobs@apartmentk.is

Apartment K is looking for a Night receptionist. Please send a CV to jobs@apartmentk.is

KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR
 óskar eftir starfsmanni í eldhúsi á kokka vaktir. Unnið er frá kl 8 til 17 á virkum dögum og 9 til 17/18 um helgar fimmtán daga í mánuði. Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri, vanur eldamennsku og bakstri, stundvís, duglegur og áreiðanlegur.

Allar umsóknir og fyrirspurnir berist á info@tiudropar.is

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Föst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirspurnir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

SMÍÐIR
 Óska eftir smiðum í vinnu. Umsóknir sendist á: bosmidir@bosmidir.is

Atvinna óskast

ERUM MED:
 flísalagningarmenn, smíði, rafvirkja og almenna verkamenn tilbúna til vinnu. Einnig bílstjóra með próf: C1-C-CE-D. Geta hafið störf fljótlega. Sanngjarnt verð.

Verkleigan sími:780-1000 e: vinna@verkleigan.is

GEFÐU HÆNU
 gjofsemgefur.is
 907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Endalaust 365

ENDALAUST NET

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is

365

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**

Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



TÍMAMÓT



Elskulegur maðurinn minn,
faðir og afi,
Eggert Haukdal
fyrirverandi alþingismaður
og oddviti,

lést þann 2. mars á Landspítalanum.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að
ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

Guðrún Bogadóttir
Magnúsína Ó. Eggertsdóttir
Eyþór Lárusson



Elskuleg móðir okkar,
Inga Jóna Ingimarsdóttir
frá Fossi, Hrunamannahreppi,
síðar Akurgerði 1, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Grund fimmtudaginn 10. mars. Útför
hennar fer fram frá kapellunni
í Fossvogskirkju, föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

Ingi Leifsson
Jónas Leifsson



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,
Ásdís Óskarsdóttir
hjúkrunarfræðingur,
Kastalagerði 13, Kópavogi,

lést á Víflsstöðum þann 13. mars
síðastliðinn.

Benedikt Gunnarsson
Valgerður Benediktsdóttir
Gunnar Grímsson
Sóley Grímsdóttir

Grímur Björnsson



Innilegar þakkir fyrir hlýhug, vináttu og
auðsýnda samúð við andlát
og útför eiginmanns míns,
föður okkar, tengdaföður og afa,
Sverris Mús Sverrissonar

endurskoðanda,
Efstasundi 37.

Kolfinna Sigurvinsdóttir
Hulda Sverrisdóttir
Rannveig Sverrisdóttir
Sólrún Sverrisdóttir

Gauti A. Marinósson
Kjartan Þórðarson
og barnabörn.



*Við erum til staðar
þegar þú þarft á
okkur að halda*

Sigrún Óskarsdóttir,
guðfræðingur

Útfarar- og lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti
undirbúnings og framkvæmd
útfarar ásamt vinnu við dánar-
bússkiptin. Við þjónum með
virðingu og umhyggju að
leiðarljósi og af faglegum metnaði.



Útfararstofa kirkjugarðanna

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is



„Ísaksskóli er eins og flennistórt heimili þar sem allir þekkja alla og samheldnin er mikil,“ segir Sigríður Anna skólástjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er sungið alla morgna

Níutíu ára sögu Ísaksskóla verður fagnað með ýmsum hætti, að sögn Sigríðar Önnu skólástjóra, meðal annars gerð heimildarmyndar sem safnað er fyrir á Karolínafund fram á kvöld.

„Hér er byggt á gömlum hefðum og þær eru fallegar,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólástjóri Ísaksskóla, og útskýrir nánar hvað hún á við. „Hér er kærleiksrikur agi. Börnin fara í raðir. Þau heilsa kennaranum sínum á morgnana með handabandi og augnsambandi og kveðja á sama hátt og þau ræða skónum sínum með hæla upp við vegg.“

Ísaksskóli var stofnaður af Ísak Jóns-
syni fyrir 90 árum og þar hafa marg-
ir Íslendingar tekið sín fyrstu skref á
menntabrautinni. „Við eigum kladd-
ana alveg frá upphafi, þeir eru komnir
niður á Borgarskjallasafn,“ segir Sigríður
Anna, þar sem við sitjum inni á skrif-
stofunni hennar sem snýr glugga út í
Stakkahlíðina. Hún segir skólann hafa
verið víða í bænum áður en hann kom
í þetta hús. „Frumkvöðullinn Ísak var
kominn með það orðspor að gott væri
að börn byrjuðu hjá honum svo skól-
anum óx fiskur um hrygg. Ísak samdi
Gagn og gaman og var sá fyrsti sem

**Mikil væntumþykja er
í garð skólans og fólk
man vel eftir veru sinni hér.
Það liður ekki sá dagur að það
komi ekki eitthvað fallett til
mín frá gömlum nemendum
eða öðrum.**

innleiddi hljóðaðferðina við lestrar-
kennslu, það hefur aldrei verið hvíkað
frá þeirri leið hér, enda gefst hún vel.“

Sigríður Anna segir sönghefðina í
skólanum líka sterka. „Það er sungið
í öllum stofum alla morgna og tvisvar
í viku á sal, þar sem öll 250 börnin
koma saman. Að heyra fimm ára börn
syngja Nú árið er liðið og Ólafur Lilju-
rós – öll erindin – er yndislegt. Skipt er
um söngskrá á þriggja vikna fresti og ég
er sannfærð um að takturinn og orða-
forðinn sem kemur í gegnum sönginn

er hluti af farsælli máltilfinningu nem-
enda. Hvað þýðir halur og hvað þýðir
drós? Það prentast inn.“

Ekki er látið nægja að syngja á
íslensku, því í Ísaksskóla byrja börn í
ensku fimm ára og spænsku sex ára og
syngja á þeim tungum inn á milli.

Nú er sem sagt afmælisár og upp á
það verður haldið, að sögn Sigríðar
Önnu. „Það er langt síðan við ákváðum
að gera heimildarmynd um skólann og
Ísak, vinir Ísaksskóla eru að safna fyrir
gerð hennar á Karolínafund og söfn-
uninni lýkur í dag,“ lýsir hún. „Mikil
væntumþykja er í garð skólans og fólk
man vel eftir veru sinni hér. Það liður
ekki sá dagur að það komi ekki eitthvað
fallett til mín frá gömlum nemendum
eða öðrum,“ segir Sigríður Anna sem
hefur verið við stjórnvölinn í sjö ár en
finnst hún hafa byrjað í gær. „Úrvals-
hópur starfsfólks er að draga sama vagn
í sömu átt og það eru forréttindi að fá
að vera í þeirri jákvæðu orku sem hér er
innan dyra.“ gun@frettabladid.is



Okkar elskulegi

Kristján Ólafsson

lést á gjörgæsludeild Landspítalans
10. mars sl. Útför hans fer fram
frá Mosfellskirkju í Mosfellsdal
fimmtudaginn 17. mars kl. 15.00.

María Henley

Böel Kristjánsdóttir
Steinunn Kristjánsdóttir
Inga Elin Kristinsdóttir
Jóna Margrét Kristinsdóttir
Kristín Vilhjálmsdóttir
Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson
Geirarður Long
Tryggvi Blumenstein
Þórarinn Sigurbjörgsson
Gunnar Haraldsson
Bárður Olsen
Anna Dóra Sverrisdóttir
og fjölskyldur.



Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Geir Guðnason

Nesgötu 33, Neskaupstað,

lést fimmtudaginn 10. mars
á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað.
Útför fer fram föstudaginn 18. mars
kl. 14.00 frá Norðfjarðarkirkju.

Sigríður Sveina Guðjónsdóttir

Ásdís Geirsdóttir
Magnús Geirsson
Guðni Geirsson
Ómar Geirsson
Valtýr Friðgeir Valtýsson
Anna-Stína Pettersson
Pálína Sigurðardóttir
Guðný R. Guðnadóttir
barnabörn og langafabörn.



Lúðrasveitina skipa bæði áhuga- og atvinnutónlistarmenn.

Ítalskir og norskir tónar

Elsta hljómsveit Íslands, Lúðrasveit Reykjavíkur, heldur sína fyrstu tónleika á þessu ári í Kaldalónssal Hörpu í kvöld og leikur fjölbreytta tónlist. Frítt er inn fyrir börn, 0-12 ára.

„Við erum með alls konar lög eftir marga höfunda, meðal annars Ítalann Ennio Morricone sem er 87 ára og fékk nýlega Óskarsverðlaun fyrir tónlist sína við The Hateful Eight. Ég sá þá mynd fyrir mánuði og tónlistin er flottasta stöf sem ég hef heyrt lengi,“ segir Lárus Grímsson, stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur sem er með tónleika í Kaldalónssalnum í kvöld.

Lárus minnst líka á lög á efnisskránni

eftir annan þekktan höfund, Michael Sweeney, svo og Norðmanninn Jan Magne Förde, þar á meðal brúðarmars sem hefur verið leikinn við konunglegar athafnir í Noregi og hann segir hreina skemmtimúsík.

Lúðrasveit Reykjavíkur á Hljómskálann við Tjörnina og æfir þar. Hún var stofnuð árið 1922 við samruna lúðrasveitanna Hörpu og Gígju og er elsta starfandi

hljómsveit landsins. Þar er fólk á öllum aldri sem einbeitt sér að því að spila metnaðarfulla músík, að sögn stjórnandans. „Við erum yfirleitt með þrenna tónleika á ári og svo spilum við úti á 17. júní og öðrum tyllidögum, fyrir borgarbúa og gesti.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og miðinn kostar 2.000 krónur en frítt er fyrir 12 ára og yngri. gun@frettabladid.is

+

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Puríður Árnadóttir
kennari,

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum föstudaginn 11. mars. Útförin verður gerð frá Seljakirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

Július Jón Danielsson
Árni Daniel Júliusson
Anna Guðrún Júliúsdóttir
Monica Haug
barnabörn og barnabarnabörn.

Birna Gunnarsdóttir
Viðar Hreinsson

+

Okkar ástkæra

Fanney Halldórsdóttir
frá Syðri-Steinsmýri í Meðallandi

lést þann 8. mars á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 16. mars kl. 11.00.

Ísleifur Vilhjálmsson
Elsa Dóra Grétarsdóttir
Sigþór Grétarsson
Jón Þór Grímsson
Inga Lára Ísleifsdóttir
Bjarney Katrín Ísleifsdóttir
Ágústa Karla Ísleifsdóttir
Ægir Ísleifsson
Jökull Ísleifsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Birgir Ottósson
Aníta Henriksen
Sígurlaug Guðmundsdóttir
Karl V. Brandsson
Halldór Guðmundsson
Sara Heimisdóttir

+

Elskulegur eigenmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

Sigurður H. Jóhannsson
flugvirki,
Engjaseli 21,

lést þann 10. mars á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju þann 17. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð Karitas (www.karitas.is eða í síma 551-5606).

Bryndis Arnfinnsdóttir
Jóhann Valdimarsson
Arnfinnur V. Sigurðsson
Sesselja G. Sigurðardóttir
Anna Karen Sigurðardóttir
og afabörn.

Harpa Björgvinsdóttir
Þorkell L. Þórarinnsson
Einar Oddur Sigurðsson

+

Yndislegur eigenmaður minn, faðir, sonur, bróðir, frændi, barnabarn og tengdasonur,

Kristinn Arnar Stefánsson
Miðstræti 10, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 8. mars sl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

Berglind Ósk Sigurðardóttir
Sigurður Arnar Kristinsson
Stefán Stefánsson
Telma Lind Stefánsdóttir
Kristín Magnúsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir

Linda Lou Arthur
Nói Stefán Þorsteinsson

+

Móðir okkar,

Anna Sigríður Björnsdóttir
píanókennari,

andaðist á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi fimmtudaginn 10. mars.

Björn Ólafsson
Sigríður Ólafsdóttir
Marta Ólafsdóttir
Unnur Ólafsdóttir
Páll Ólafsson
Kjartan Ólafsson
Sveinn Ólafsson

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín S. Guðmundsdóttir
Daggarvöllum 4a, Hafnarfirði,

lést á Vífilsstöðum fimmtudaginn 10. mars. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 18. mars kl. 13.00.

Guðmundur Harðarson
Jón Gestur Harðarson
Hrönn Harðardóttir
Hildur Harðardóttir
Hörður Harðarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ágústa Þorbjörnsdóttir
Sigurður Oddsson
Valgarður Valgarðsson
Helena Olsen

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Jónína Sigurjónsdóttir
(Dúa)

Sólvangsvégi 3 í Hafnarfirði,

lést aðfaranótt 9. mars sl.
Útför hennar fer fram föstudaginn 18. mars kl. 13.00 í Viðistaðakirkju í Hafnarfirði.

Benedikt Ketilbjarnarson
Elin Jakobsdóttir
Kristjana Jakobsdóttir
Jakob Jakobsson
Sigurjón Fannar Jakobsson
Ingólfur Snær Jakobsson

Bára Sigurjónsdóttir
Haraldur Þór Benediktsson
Einar Jakobsson
Guðmundur Guðjónsson
Kolbrún Harðardóttir
Margrét Karen Kjartansd.
barnabörn og langömmubörn.

+

Ástkær eigenmaður, faðir, tengdafaðir og afi okkar,

Páll Beck Valdimarsson
Karlagötu 13,

lést á Landspítalanum Hringbraut, mánudaginn 7. mars. Útför hans fer fram frá Fossvogskapelli, föstudaginn 18. mars kl. 15.00.

Renoo Sareekhao
Sæunn Hulld Þórðardóttir
Jantira Kaengjaroenkasikorn
Priyaphon Kaengjaroenkasikorn
Jakkrit Kaengcharoenkasikorn
Maneejun Varin
og barnabörn.

Serm Tangrodjanakajorn
Jón Bergur Helgason

+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

Halldórs Karls Halldórssonar
Sundabúð 3, Vopnafirði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir góða umönnun.

Hrönn Halldórsdóttir
Aðalsteinn A. Halldórsson
Anna H. Halldórsdóttir
Þór Halldórsson

Árni Arnason
Helga Björnsdóttir
Magnús Ólafur Kristjánsson
Helga Vilborg Sigjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

+

Ástkær eigenmaður minn, faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi okkar,

Stefán Örn Kristjánsson
Ægisgötu 5, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 3. mars.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 16. mars kl. 13.00.

Kolbrún B. Guðmundsdóttir
Arna Stefánsdóttir
Friðbert Eli Kristjánsson
Karólína B. Kristjánsdóttir
Þorbjörg G. Friðbertsdóttir
Viktória Friðbertsdóttir

Skafti Guðbergsson
Áslaug Ragnarsdóttir
Bæring Skarphéðinsson
Elias Arnar Friðbertsson
Kristján Daniel Friðbertsson

+

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ragnheiðar Gísladóttur
Álmskögum 1, Akranesi.

Gísli Runólfsson
Sigurveig Runólfsdóttir
Sigurjón Runólfsson
Runólfur Runólfsson
Ragnheiður Runólfsdóttir
ömmu- og langömmubörn.


Inga Ósk Jónsdóttir
Kristján Guðmundsson
Brynja Guðmundsdóttir
Margrét Þóra Jónsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Þriðjudagur



Suðaustan og sunnan 8-15 m/s og súld eða dálítill rigning S- og V-lands, en hægari og bjart NA til á landinu. Hiti 5 til 12 stig, hlýjast NA-lands.

Þriðjudagur

Reykjavík 6° ↖ 10	Ísafjörður 2° ↑ 9	Akureyri 2° ↑ 7
Egilsstaðir 4° ↑ 10	Kirkjubæjarkl. 4° ↖ 5	Hveravellir 1° ↑ 15

Miðvikudagur

Reykjavík 6° ↑ 9	Ísafjörður 2° ↑ 14	Akureyri 3° ↗ 13
Egilsstaðir 4° ↑ 6	Kirkjubæjarkl. 5° ↖ 2	Hveravellir 1° ↑ 14

Þrautir

Krossgáta

LÁRÉTT

- 2. umstang
- 6. í röð
- 8. for
- 9. keyra
- 11. leita að
- 12. andin
- 14. hæ
- 16. nafnorð
- 17. sægur
- 18. ari
- 20. bókstafur
- 21. sníkjur

LÓÐRÉTT

- 1. jurt
- 3. skóli
- 4. brá
- 5. knæpa
- 7. hvasst horn
- 10. fæða
- 13. angan
- 15. rænuleysi
- 16. nasaop
- 19. átt

LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16		17			
18		19		20	
21					

Skák Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson (2.410) átti leik gegn Norðmanninum John A. Kvamme (2.155) á GAMMA Reykjavíkurskákamótinu.

Hvítur á leik

22. Hh8+!! Bxh8 23. Dh4 Kg7 24. g4! (langbesti leikurinn) 24. ... Hg8 25. Re5 De8 26. Rdf3! Kf8 27. Rg5 Db5 28. Dh7 Bg7 29. Rxg6+! Ke8 30. Dxc8+ og svartur gafst upp skömmu síðar. Næstisíðasta umferðin hefst kl. 15.



Sudoku

LÉTT

	6		4	2				7
8	7					6		5
9		2	7					
3			4	7				
			5	7				
	5	1		6	9			
			7		1	8		
	2				3		9	
1	9		2	8				

MIDLUNGS

		3		2		1	7	
		2		5			6	
1				6		4		2
5	9		4	1	6			8
			5				9	
				8			1	
7	3	8				2		1
9								6
2	1		4					9

ÞUNG

6		7	2		3	1		
			9					2
5				4		7		8
		9		6		8	2	
				2	5		1	
1					9	4		5
7	3							
	6	5			7	2		
								3


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

4	8	1	5				9	
6	9			5				
2		3		7				
	6	5		8	9			
		9	6					
1	4	7	8		5			
9		1			6			
	3							
5		8	4	3				

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



GRIPAHÚSIÐ
SÍÐASTA SÝNING!
20. MARS, KL. 20:30 +
UMRÆÐUR VIÐ MEÐ
LEIKHÓP EFTIR SÝNINGU

OLD BESSASTÆÐIR
SÍÐASTA SÝNING!
19. MARS, KL. 20:30 +
UMRÆÐUR EFTIR SÝNINGU:
„VIÐ OG HINIR“

ÚTFÖR
17. MARS, KL. 20:30

STAFURÆNN HÁKON
ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
23. MARS, KL. 21:00



Reginn

FASTEIGNAFÉLAG

Skrifstofuhúsnæði Dvergshöfði 2



Til leigu eru mjög vönduð rými í glæsilegri skrifstofubyggingu við Dvergshöfða 2

Um er að ræða um 340 m² á annarri hæð, um 340 m² á sjöundu hæð og um 480 m² á áttundu (efstu hæð) hússins. Frábær staðsetning, einstakt útsýni og eigninni fylgja næg bílastæði. Rýmin eru laus til afhendingar.

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

sími: 512 8900

reginn.is

reginn@reginn.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



Jóhanna Vigdís Arnardóttir sýnir í Mamma Mia! að hún er ósvikin stjarna í sérklassa.

Gleðisprengja!

LEIKHÚS

Mamma Mia!

★★★★★

Borgarleikhúsið

Tónlist og söngtextar: Benny Andersson og Björn Ulvaeus

Leiktexti: Catherine Johnson

Íslenskun í lausu máli og bundnu: Þórarinn Eldjárn

Leikstjórn: Unnur Ösp Stefánsdóttir

Leikarar: Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Marianna Clara Lúthersdóttir, Helgi Björnsson, Halldór Gylfason, Valur Freyr Einarsson, Eysteinn Sigurðarson, Vala Kristín Eiríksdóttir, Púriður Blær Jóhannsdóttir, Arnar Dan Kristjánsson, Ernesto Camilo Aldazabal Valdes, Esther Talía Casey, Orri Huginn Ágústsson

Dansarar (Eyjarskeggjar og brúðkaupsgestir): Anais Barthe, Arna Sif Gunnarsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Björn Dagur Bjarnason, Einar Karl Jónsson, Höskuldur Þór Jónsson, Margrét Hrönn Jóhannsdóttir, Saadia Auður Dhour, Unnur Elisabet Gunnarsdóttir

Danshöfundur: Lee Proud

Tónlistarstjórn: Jón Ólafsson

Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: Filippia I. Elisdóttir

Lýsing: Þórður Orri Pétursson

Eftirvæntingin í Borgarleikhúsinu var við suðumark á föstudaginn þegar glymskrattasöngleikurinn Mamma Mia! var frumsýndur. Allir þekkja ABBA, margur hefur séð uppfærslur af Mamma Mia! á erlendri grundu og kvikmyndin sló í gegn á heimsvísu. En nú er komin íslensk þýðing á leikritinu og partíþjóðlögnum, og glæný sviðsetning. Höfundarverk Catherine Johnson um leit ungrar konu að föður sínum er kannski ekki góður pappír en skemmtanagildið er ótvírætt.

ABBA-lögin er nefnilega ekki hægt að skemma, þau eru samsett úr diskókjarnorku og töfrum Benny Andersson og Björn Ulvaeus. Íslendingar eru með ABBA-stefin og -textana í genunum, fiðr-

ingurinn er nánast innbyggður í okkur. En þvilik endemis lukka að fá Þórarinn Eldjárn til að þýða söngtextana. Betri mann í verkið er varla hægt að hugsa sér. Línur á borð við „Svo gjarnt er guðunum / að grýta teningum“ og „Þú vilt dans, þú vilt puð / endalaust allsherjarstuð“ eru hárnákvæmar sem þjóna bæði laglínunum og sögunni en eru líka trú upprunalegu söngtextunum.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir er ekkert annað en ósvikin stjarna í sérklassa. Hún glansar í hlutverki Donnu sem er skapað fyrir hennar mögnuðu hæfileika. Rödd hennar hefur bæði breidd og dýpt en tilfinningalega nálgunin er líka nánast óaðfínanleg. Alla rak í rokastans þegar hún flutti Allt fær sá sem vann. Svona leikkonur fylla hús, örfáar slíkar eru til á landinu, en hún er svo sannarlega ein af þeim.

Dóttur Donnu, Sofie, leikur Þórunn Arna Kristjánsdóttir af einlægni og hlýju, sakleysið uppmálað. Hún syngur líka eins og engill en þarf að sýna örlítið meiri raddstyrk. Eysteinn Sigurðarson mætti vera afslappaðri í mótaleikum en hann springur út í söngatriðunum. Vala Kristín Eiríksdóttir og Púriður Blær Jóhannsdóttir kítla hláturtaugarnar í hlutverkum vinkvenna Sofie en fjörið nær hámarki þegar eldri vinkonurnar þrjár hittast. Brynhildur Guðjónsdóttir og Marianna Clara Lúthersdóttir tjútta sig í gegnum sýninguna af mikilli innlifun og skrúfa upp í stuðinu þegar þær mæta á svið.

Helgi Björnsson snýr aftur á leiksviðið eftir langa fjarveru. Það tók hann örlitla stund að finna gamla takta en hann umbreyttist við fyrsta lag, þar finnur hann lykilinn sem opnar hlutverkið. Þakið ætlaði af húsinu þegar Jóhanna og Helgi sungu dúettinn S.O.S., slíkur var neistinn. Valur Freyr Einarsson og Halldór Gylfason leika hina mögulegu feðurna, hinn pena Harry og ólíkindatólið Bill. Valur Freyr fer algjörlega á kostum og greinilegt að hann hefur gaman af. Það gæstar aðeins minna af Halldóri en hann sinnir sínu hlutverki ágætlega.

Nokkur augnablik tekur að gangsetja Mamma Mia! og finna réttu stemninguna en Unnur Ösp Stefánsdóttir heldur fast um taumana. Sýningin er mikið afrek fyrir tiltölulega óreyndan leikstjóra. Stöðuga hreyfingin á sviðinu, tilfærslurnar á milli atriða og háa orkustigið keyra sýninguna áfram og áhorfendur geta varla annað en hrifist með. Danssenurnar, fáar framan af en fjólgar þegar liða tekur á, hverfast um unga fólkið sem stendur sig með miklum sóma. Danshöfundurinn Lee Proud keyrir diskótaktana áfram af krafti og hópsenurnar eru þrumandi hressar.

Þó er hægt að setja spurningarmerki við birtingarmynd vinnukonunnar á gistiheimilinu og prestsins, einnig við framsetninguna á Harry. Þetta eru óþægilegar klisjur sem má hvíla. Árið er 2016, sviðsetningar á minnihlutahópum þurfa að vera betur ígrundaðar.

Tónlistarstjórnun Jóns Ólafssonar er til fyrirmyndar en hljómsveitin leynist laglega á sviðinu. Leikmynd Ilmar Stefánsdóttur er rjómatertan ein en sviðsmýndin er afskaplega vel úthugsuð, litrík og heillandi, sem og ljósaönnun Þórdar Orra Péturssonar. Hringsviðið er notað til hins ýtrasta sem gefur leiksviðinu fjölbreyttar víddir. Litagleðin er líka ríkjandi í búningahönnun Filippíu I. Elisdóttur og er hún óspör á glimmerið, pallieturnar og skúfana. Sparsöm er hún þó á fót yngra fólksins, sniðug í vali á þau eldri og sleppir algjörlega fram af sér beislínu í lokaatriðinu.

Leikhús er ekki einungis um það sem gerist á sviði heldur einnig stemninguna sem skapast í salnum. Mamma Mia! færir verið, birtuna og gleðina til áhorfendanna sem tóku svo sannarlega við gjöfni með opnum örmum. Hörkusmellur fyrir alla aldurshópa. Sýningin er frábær en útgeislun og frammistaða Jóhannu Vigdísar færir sýninguna á annað svið.

Sigríður Jónsdóttir

NIDURSTAÐA: Pallieturnar þar sem gleðin ríkir.

Endalaust 365

ENDALAUST NET



GSM

1.000 KR.*

ÓTAKMARKAÐ
GAGNAMAGN



Endalaus og
áhyggjulaus
Internetáskrift.

2.990 KR.**

ÓTAKMARKAÐ TAL,
SMS OG NÚ Í FYRSTA
SINN ÓTAKMARKAÐ

GAGNAMAGN



Þú getur hringt, sent sms
og vafrað um á netinu
áhyggjulaust.

Settu þig í samband og fáðu **Endalaust 365**

1817

365.is

* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini.

**Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer.

Nánari upplýsingar á 365.is

365

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Brunabilarnir
07.50 Scooby-Doo! Leynifélagið
08.10 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.15 Junior Masterchef Australia
11.05 Cristela
11.25 White Collar
12.05 Lýðveldið
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
15.55 Nashville
16.40 Scooby-Doo! Leynifélagið
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.15 Kokkur ársins (3:3) Vönduð þáttaröð í þremur hlutum í umsjá Rikku. Keppnin Kokkur ársins 2016 fór fram í Hörpu þann 13. febrúar.
19.35 The Big Bang Theory
20.00 Major Crimes Þriðja þáttaröðin af þessum hörkuspennandi þáttum.
20.40 100 Code Hörkuspennandi þættir sem gerast í Stokkhólmi.
21.30 11/22/63
22.55 Last Week Tonight With John Oliver
23.25 Grey's Anatomy
00.10 Blindspot
00.50 Bones
01.35 Girls
02.05 The Player
02.50 The Strain
03.35 The Strain
04.20 NCIS
05.05 The Middle
05.30 Simpson-fjölskyldan

SPORT

07.00 Chievo - Milan
08.40 Messan
09.55 Memphis - New Orleans NBA.
12.10 Stjarnan - Keflavík Útsending frá leik í Domino's-deild karla.
13.55 Körfuboltakvöld
15.55 Bayern München - Werder Bremen
17.30 Þýsku mörkin
17.50 Ítölsku mörkin
18.10 Premier League Review
19.05 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
19.30 Man. City - Dynamo Kiev BEINT
21.45 Meistaradeildarmörkin
22.15 Atletico Madrid - PSV Eindhoven
00.05 UFC Now 2016
00.50 Juventus - Sassuolo
02.30 Man. Utd. - West Ham

SPORT 2

11.20 Valur - ÍBV Útsending frá leik í Lengjubikarnum.
13.00 Leicester - Newcastle
14.40 Messan
16.00 PSV Eindhoven - Atletico
17.40 Dynamo Kiev - Man. City
19.25 Udinese - Roma
21.05 Arsenal - Watford
22.45 Körfuboltakvöld
00.45 Aston Villa - Tottenham

GOLFSTÖÐIN

08.30 Valspar Championship
11.30 PGA Tour - Highlights
12.25 Golfing World
13.15 Valspar Championship
16.15 Golfing World
17.05 Valspar Championship
22.35 Golfing World
23.25 PGA Tour - Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



19:15

KOKKUR ÁRSINS

Lokapáttur í þessari hörkuspennandi keppni í umsjá Rikku þar sem hún fylgist með undirbúningi og keppendum sem berjast sín á milli um titilinn Kokkur ársins 2016.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



21:35

11/22/63

Ný og æsispennandi þáttaröð með James Franco í hlutverki menntaskólakennarans Jake Epping sem ferðast aftur í tímann til að koma í veg fyrir morðið á John F. Kennedy.

20:05

MAJOR CRIMES

Hörkuspennandi þættir um lögreglukonuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.



20:50

100 CODE

Rannsóknarlögreglumaður frá New York er fenginn sem ráðgjafi til sænsku lögreglunnar en þar hafa ungar, ljóshærðar og bláeygðar konur fundist myrtar á óhugnanlegan hátt.



22:00

DANGEROUS METHOD

Myndin er byggð á sannri sögu um vísindamennina Carl Jung og Sigmund Freud sem voru í fararbroddi á sviði sál- og geðrænna rannsókna á sínum tíma.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

BÍÓSTÖÐIN

12.15 Tammy
13.50 Gambit
15.20 Get Low
17.05 Tammy
18.45 Gambit
20.15 Get Low Robert Duvall leikur einstæðinginn og sérvitringinn Felix sem hefur síðastliðin 40 ár einangrað sig á landareign sinni og kærir sig ekki um heimsóknir. Dag einn mætir hann óvænt til útfararstjóra í nálægum bæ með þá sérkennilegu ósk að hann vilji fá að vera viðstaddur eigin jarðarför. Útfararstjórann bráðvantar pening svo hann ákveður að verða við ósk gamla mannsins og útkoman verður afar áhugaverð svo ekki sé meira sagt.
22.00 A Dangerous Method Dramatísk mynd frá 2011 með Keira Knightley, Viggo Mortensen, Michael Fassbender og Vincent Cassel í aðalhlutverkum en leikstjóri er David Cronenberg. Myndin er byggð á sannri sögu um vísindamennina Carl Jung og Sigmund Freud, sem voru í fararbroddi á sviði sál- og geðrænna rannsókna á sínum tíma, og konuna sem komst upp á milli þeirra.
23.40 Wild Card
01.15 Paranoia
03.00 A Dangerous Method

RÚV

17.00 Lögreglukonan
17.45 Tákn málsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Sjöundi áratugurinn – Kapphlaup í geimnum (10:10) (The Sixties) Heimildarþáttaröð um hinn byltingarkennda sjöunda áratug síðustu aldar.
20.50 Sætt og gott (Det søde liv)
21.15 Castle
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Hamingjudalur
23.20 Spilaborg
00.00 Kastljós
00.30 Fréttir
00.45 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Top Chef
09.50 Minute to Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
12.50 Dr. Phil
13.30 The McCarthys
13.55 Emily Owens M.D.
14.40 Judging Amy
15.25 Welcome to Sweden
15.50 America's Next Top Model
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 Everybody Loves Raymond
19.00 King of Queens
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Black-ish
20.15 Jane the Virgin
21.00 The Good Wife
21.45 Elementary
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Brotherhood
00.35 Chicago Med
01.20 Complications
02.05 The Good Wife
02.50 Elementary
03.35 The Tonight Show
04.15 The Late Late Show

ALLT INNIFALIÐ

MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



149.000 KR.
ÁÐUR: 227.050 KR.



270.000 KR.
ÁÐUR: 351.550 KR.



369.000 KR.
ÁÐUR: 483.350 KR.



304.000 KR.
ÁÐUR: 402.350 KR.

PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
TÍMANLEGA SETTAN UPP FYRIR SUMARIÐ



329.000 KR.
ÁÐUR: 433.350 KR.



313.000 KR.
ÁÐUR: 413.350 KR.



385.000 KR.
ÁÐUR: 503.350 KR.

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.



BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Drottningvikunnar
ROYAL AVIANA

30%
AFSLÁTTUR!

rekkjan
HEILSURÚM

AFGH11150316 #3



Jóhanna Ruth tryggð sér sæti í úrslitabætti Ísland Got Talent með flutningi sínum á lagi Bonnie Tyler, Holding Out for a Hero. MYND/DANIEL ÞÓR

Syngjandi flugfreyja í háloftunum

Jóhanna Ruth, fjórtán ára stúlka úr Keflavík, sló heldur betur í gegn í síðasta þætti Ísland Got Talent með frábærum flutningi sínum á lagi Bonnie Tyler, Holding Out for a Hero, og heillaði dómara.

„Ég held að ég eigi alveg séns á að vinna þessa keppni, ég hef fengið alveg ótrúlega góð viðbrögð frá fólki og það voru flestir sem kusu mig í síðasta þætti. Það er alveg ótrúlega mikil vinna sem fer í að undirbúa sig fyrir svona keppni og ég er strax byrjuð að hugsa hvaða lag ég ætla að syngja í úrslitabættinum sem fer fram 3. apríl næstkomandi,“ segir Jóhanna Ruth, sem tryggð sér sæti í úrslitabætti Ísland Got Talent með flutningi sínum á lagi Bonnie Tyler, Holding Out for a Hero, en hún hlaut einróma lof dómara fyrir frammistöðu sína, og hafði Agústa Eva Leikkona sem situr í dómnefndinni orð á því að Jóhanna væri með eina bestu rödd sem hún hefði heyrt á Íslandi.

„Ég bjóst alveg við því að vinna, ég var búin að æfa mig svo vel og ég var svo ánægð með flutninginn minn, þetta gekk allt saman upp,“ segir hin fjórtán ára gamla Jóhanna Ruth alsæl.

Það er óhætt að segja að þessi unga hæfileikakona eigi framtíðina fyrir sér í sönglistinni enda full sjálfs-traustra og svo sannarlega með bein í nefinu, en ætli það sé eitthvað fleira sem hún stefnir á í framtíðinni?

„Ég ætla að halda áfram að syngja, ég vil endilega vinna sem söngkona



Baldur Dýrfjörð, fiðluleikari frá Þorlákshöfn, komst einnig áfram en hann hefur lært á fiðlu í ellefu ár, verið tvö ár í klassískum pianóleik og á haug af skritnum hljóðfærum á borð við kjálkahörpu, munnhörpu og vasaflautu. MYND/DANIEL ÞÓR

þegar ég verð stór en stóri draumurinn minn er að verða flugfreyja, mig hefur alltaf dreymt um það svo ætli ég verði ekki syngjandi flugfreyja í háloftunum,“ segir Jóhanna Ruth létt í bragði.

Jóhanna Ruth er frá Filippseyjum en hefur búið á Íslandi frá því hún var átta ára gömul ásamt fjölskyldu sinni. Henni finnst mjög gott að búa á Íslandi og er ánægð í skólanum en

hún stundar nám í Myllubakkaskóla í Keflavík.

„Það er alveg rosalega gott að búa á Íslandi, en það er samt alveg iskalt hérna. Í dag er ég að fara að koma fram á árhátíð í skólanum mínum og ég hlakka mikið til,“ segir Jóhanna Ruth sem hefur í nógu að snúast þessa dagana enda frábær söngkona hér á ferð sem vert er að fylgjast með. gudrunj@frettabladid.is

Halda tónleika ofan í Þríhnúkagíg

Skipuleggjendur Secret Solstice hafa bætt við nýjum tónleikastað og ætla að halda tónleika ofan í Þríhnúkagíg. „Við erum gríðarlega stolt og spennit að halda fyrstu tónleikana í heiminum ofan í eldfjalli. Aðstandendur Inside the volcano hafa verið að gera þetta vel og lengi og kunna sitt fag hvað varðar upplifun og öryggi ofan í fjallinu,“ segir Ósk Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Secret Solstice.

Í fyrra héldu skipuleggjendur hátíðarinnar tónleika í fyrsta sinn inni í jökli og því greinilegt að ekki skortir frumleika í hugsun er varðar tónleikastaði. Þetta er jafn-

framt í fyrsta sinn sem tónleikar fara fram ofan í Þríhnúkagíg en það liggur þó ekki fyrir hvaða nafn kemur fram á tónleikunum.


„Í gegnum árin hefur hátíðin fengið meðal annars titilinn „sérstæðasta hátíð í heimi“ [the most unique festival in the world]. Við erum alltaf að reyna að bæta okkur og bæta við spennandi viðburðum og halda titlinum sem við höfum hlotið. Við Íslendingar sitjum á gulli hvað varðar náttúrufegurð og það gefur augaleið að

nýta fallega landslagið okkar og búa til einstaka viðburði sem gera upplifun af hátíðinni einstaka og öðruvísi,“ útskýrir Ósk.

Aðeins verða tuttugu miðar í boði á tónleikana í Þríhnúkagíg. „Það er of snemmt að segja til, við viljum einbeita okkur að því að gera fyrstu tónleikana vel og sjá svo hvað verður,“ segir Ósk spurð um hvort fleiri tónleikar verði haldnir á þessum einstaka tónleikastað.

Þeir sem eiga miða á tónleikana verða fluttir úr höfuðborginni með þyrlu að eldfjallinu en tónleikarnir fara fram laugardaginn 18. júní.

Secret Solstice-hátíðin fer fram dagana 16.-19. júní, þar sem hljómsveitir á borð við Radiohead, Deftones og Of Monsters and Men koma fram. – glp



Ósk Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Secret Solstice.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördis Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Árspaning

Landssamband Slökkviliðs- og Sjúkraflutningamanna

verður haldið 15. og 16. apríl
að Lág múla 4, Reykjavík

Nánari upplýsingar á Isos.is

www.fi.is

Fræðslu- og myndakvöld Ferðafélags Íslands

verður haldið miðviku-
daginn 16. mars
kl. 20 í sal félagsins
Mörkinni 6

Landnámstilraunir
á Vínlandi

Páll Bergþórsson
– veðurfræðingur



Þátttaka kr. 600
- Innifalið kaffi
og kleinur

Allir velkomnir

Nýlegar jöklabreytingar
á Íslandi

Oddur Sigurðsson – jöklafræðingur



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

KFC

BOX MASTER



Doritos

Doritos Boxmaster

Original kjúklingur, flögur úr svörtum Doritos, pipar-majónes, kál, kartöfluskífa, ostur og salsa.

929 KR.



Doritos Boxmaster, franskar, 3 Hot Wings, gos og Prins Xtra.

1.899 KR.

**SVOO
GOTT**



Heimaöryggi fyrir aðeins

4.900 kr.

á mánuði án binditíma*

Öryggismiðstöðin býður nú í fyrsta sinn Heimaöryggi án binditíma á aðeins **4.900 krónur** á mánuði. Enginn stofnkostnaður og uppsetning er innifalin. Einfalt, þægilegt og ódýrara Heimaöryggi.

Kynntu þér málið nánar á oryggi.is eða í síma 570 2400.

INNIFALIÐ Í GRUNNPAKKA Á 4.900

Hægt er að bæta við búnaði eftir þörfum gegn aukagjaldi.



Stjórnstöð



Töluborð



1 x hreyfiskynjari



1 x stöðurofi í hurð



1 x reykskynjari

*3ja mánaða uppsagnarfrestur





VIÐ ERUM
MEÐ ÞÉR
TIL ÖRYGGIS



Bakpankar

Jóns Sigurðar
Eyjólfssonar



Graður og spakur

Um leið og ég las orð Kára um að við værum að verða vitlausari varð mér hugsað til dæmisögu einnar, sem mér fannst líklegust til að útskýra þessa válegu þróun:

Aldinn indíáni sagði eitt sinn við ungan dreng: Inni í sérhverjum manni eigast tveir ernir við. Annar graðugur en hinn spakur. Drengurinn spurði þá: Og hvor vinnur? Nú, sá sem þú fódur, svaraði sá gamli.

Mér datt náttúrlega í hug að spyrja Kára hvort inni í heila okkar mannanna væru kannski tveir ernir: annar graður en hinn spakur. Það sjá allir hvor étur hinn út á gaddinn. Við lifum nefnilega í þjóðfélagi þar sem ég þekki orðið betur botn og bobbinga Kim Kardashian en fjöllin við Bildudal. Þó hef ég aldrei borið mig eftir því að sjá hana, en staldra vissulega við þegar hún verður á vegi mínum, enda kurteis maður.

Eduardo Punset sagði að við karlmenn notum helmingi meira svæði í heilanum undir kynlíf heldur en kvenfólk. Það er þá væntanlega ekkert mikið eftir til afnota þegar bogadreginn barmurinn hennar Kim blasir við manni. Það væri allt í lagi ef það gerðist bara til hátiðabrigða en nú er svo komið að hún er alltaf fyrir augunum á manni og ekki skánar það þegar aðrar glæsipiur eru farnar að herma eftir henni. Maður er varla meira en hálfviti megnið af deginum.

Þá liggur beinast við að spyrja Kára hvort ekki sé rétt að bregðast við þessu lúðaklámi með sama hætti og hann bregst við Bakkusi. Hafa þetta á viðeigandi stöðum en ekki í Bónus, blöðum og fréttavefjum. Gott er að menn finni bobbingana þegar að kynlífsathöfn er komið en það er óviðunandi að þeir séu látnir kitla kónginn daginn út og inn. Nóg er nú áreitið samt, ég tala nú ekki um nú þegar forsetinn er farinn að kitla annan hvern mann.

Opíð allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Amarbakka



Iceland



Sími: 561 1433



Nýbökun Brauð
alla daga.

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ

GJÖF FYLGIR
Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingarrúmum í ár

Vandyck sængurverasett

Fermingar tilboð

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna
Pokagormakerfi, gæðabólstun.
Verð með PU-leðurbotni og fótum.

100x200 cm
Verð aðeins kr. 72.900.-

120x200 cm
Verð aðeins kr. 79.900.-

140x200 cm
Verð aðeins kr. 89.900.-

SAGA / FREYJA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur
Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum
Verð með PU-leðurbotni og fótum

120x200 cm
Verð aðeins kr. 109.900.-

140x200 cm
Verð aðeins kr. 129.900.-

Memory

Svæðaskipt þrýstijöfnunardýna

m/PU-leðurbotni og stálfótum
Tilboðsverð aðeins
120x200cm kr. 94.920.-
140x200cm kr. 110.920.-

BOAS

hvíldarstólar og sófar

Verð frá kr. 89.900
Rafstólar verð frá kr. 119.900.-

BODYPRINT dýna

Stillanleg rúm
IQ-CARE / ROYAL / MEMORY

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar

svo dýnur færast ekki í sundur.

Reverie
2x 90x200 cm - Gerð 3E með Memory dýnum
Verð frá kr. 349.900

FYLDIS

Nýjar handgerðar heilsudýnur í sérflokk

20% afsláttur

Sængur og koddar
Mikið úrval

HEFEL
BED AND SLEEP

Ný sending af sænguverasettum og 100% bómullarhlífðardýnum
Það allra besta sem við höfum kynnst



Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is